


Starfsáætlun 2009
Litrík menning - lifandi borg



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

DRÖG

Skipurit Menningar- og ferðamálasviðs



Menningar- og ferðamálaráð aðalmenn frá 21.08.2008

Áslaug Friðriksdóttir (D)
Marta Guðjónsdóttir (D)
Jakob Hrafnsson (B)
Brynjar Fransson (B)
Guðrún Erla Geirsdóttir (S)
Dofri Hermannsson (S)
Guðrún Ásmundsdóttir

Áheyrnarfulltrúar:

Ólafur F. Magnússon (F)
Áslaug Thorlacius (BÍL)
Ágúst Guðmundsson (BÍL)

Efnisyfirlit

Skipurit Menningar- og ferðamálasviðs	1
Menningar- og ferðamálasvið	3
Fjármál og rekstur	7
Fjárhagsáætlun 2009	9
Stefnu- og skorkort sviðsins	11
Ferðamála	
Tryggjum ferðamönnum í Reykjavík fyrirtaks þjónustu.....	13
Menningar- og ferðamálasvið árið 2008	15
Borgarbókasafn Reykjavíkur	17
Lykiltölur.....	22
Viðburðadagatal	24
Höfuðborgarstofa	25
Lykiltölur	32
Viðburðadagatal	32
Listasafn Reykjavíkur	33
Lykiltölur.....	37
Viðburðadagatal	37
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	39
Lykiltölur	44
Viðburðadagatal	44
Menningarmiðstöð Gerðubergs	45
Lykiltölur	49
Viðburðadagatal	49
Minjasafn Reykjavíkur - Landnámssýningin	51
Lykiltölur.....	56
Viðburðadagatal	56
Viðey	57
Lykiltölur.....	61
Viðburðadagatal	61
Viðauki:	
Helstu verkefni 2008	63



Leiðarljós

Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu; alþjóðleg borg með frjóu listalífi, fjölbreyttu mannlífi og öflugri ferðaþjónustu. Menningarbragur borgarinnar styrki sjálfsvirðingu og treysti samkennd allra landsmanna og laði til sín gesti allt árið um kring. Sérstaða Reykjavíkur sem hreinnar og nútímalegrar menningarborgar í nábýli við einstaða náttúru sé þekkt og virt.

Skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs er til húsa í Ingólfsnausti á horni Aðalstrætis og Vesturgötu.

Meginmarkmið menningarstefnu Reykjavíkurborgar:

- Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna.
- Listalífið í borginni einkennist af þrótti og metnaði.
- Menningarstofnanir borgarinnar gegni fjölbættu hlutverki sínu á framúrskarandi hátt.
- Menning og listir séu aðgengileg öllum borgarbúum.
- Í borgarmyndinni sé sögu borgarinnar ávallt sýnd virðing og mannvænt umhverfi haft að leiðarljósi.
- Menningarlífið í borginni einkennist af viðsýni og gagnkvæmri virðingu í samskiptum fólks af ólíkum uppruna.
- Skipulag menningarmála sé skýrt og stjórnun þeirra markviss.
- Menningarlífið í borginni stuðli að alþjóðlegum borgarbrag. Menningarstefna og menningarstofnanir borgarinnar vinni markvisst að því að í borginni verði mót ólíkra stefna og strauma með heimsborgarbrag.

Meginmarkmið ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar:

- Styrkja stöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar Íslands í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála.
- Gera Reykjavík að eftirsóttum áfangastað fyrir ferða-menn allt árið um kring og stuðla þannig að betri afkomu atvinnulífs og menningarstarfs í tengslum við ferðaþjónustu á Íslandi.
- Auka vægi viðburða og menningar í ferðamennsku í Reykjavík til hagsbóta fyrir íbúa, atvinnulíf og gesti höfuðborgarinnar.
- Stórauka áherslu á Reykjavík sem ráðstefnuborg og stuðla að auknum gæðum í þjónustu og innviðum.
- Rækta hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar gagnvart landinu öllu með traustri miðlun upplýsinga um Ísland til ferðamanna og áherslu á Reykjavík sem gáttina að Íslandi.
- Koma á samstarfi sveitarfélaga og fyrirtækja á höfuðborgar-svæðinu með það að markmiði að svæðið eflist sem ein heild í ferðaþjónustu.

Starfsmannafjöldi 2009

Fjöldi starfsmanna	231
Fjöldi stöðugilda	150,7

Stöðugildi eftir stofnunum

Skrifstofa sviðs	5	3,3%
Borgarbókasafn	80,1	53,2%
Listasafn Reykjavíkur	24,2	16,1%
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	6,1	4,0%
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	5	3,3%
Minjasafn Reykjavíkur	15,3	10,2%
Landnámsskáli	2,7	1,8%
Viðey	1,3	0,9%
Höfuðborgarstofa	11	7,3%

www.reykjavik.is/menningogferdamal



Hlutverk og helstu verkefni

Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar sem eru:

Borgarbókasafn Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Menningarmiðstöðin Gerðuberg og Minjasafn Reykjavíkur. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglugerðum á hverju sviði. *Höfuðborgarstofa* er sú stofnun sviðsins sem ber ábyrgð á ferðamálum, framkvæmd borgarhátíða og ýmissa viðburða. Umsjón starfsemi í *Víðey* er vistuð á skrifstofu sviðsins.

Sviðsstjóri, skrifstofustjóri rekstrar- og fjármála og skrifstofustjóri menningarmála starfa með stofnunum sviðsins að fjármála- og rekstrarstjórnun, áætlanagerð og eftirfylgni hennar, gæðastjórnun og árangursmati, mannauðs- og mannréttindamálum, öðrum miðlægum viðfangsefnum og ýmsum sérverkefnum. 51% ramma MOF verður varið til rekstrar stofnana sviðsins árið 2009.

Sviðið hefur jafnframt umsjón með málefnum *Listahátíðar í Reykjavík, Borgarleikhúss og Símfóníuhljómsveitar Íslands* fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við *lista- og menningarlíf* og er borgaryfirvöldum til faglegar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra.

Nema styrkveitingar til innlendra samstarfsaðila í formi fjárframlags eða húsnæðisframlags um 41 % rammans árið 2009.

HELSTU VERKEFNI 2009

Litrík menning – lifandi borg

Yfirskrift Menningar- og ferðamálasviðs árið 2009 er *Litrík menning – lifandi borg* og undirstrikar hún fyrst og fremst áherslu á það lykilhlutverk sem menningin leikur við að skapa og standa vörð um mannvænlegt og nærandi samfélag. Yfirskriftin vísar einnig til fjölbreyttrar nálgunar og miðlunar;

menningar sem höfðar til margra mismunandi hópa og vekur athygli á Reykjavík sem áhugaverðri og alþjóðlegri menningarborg. Starfsáætlanir allra stofnana sviðsins endurspeglar þessar áherslur í bland við að innra starfi safnanna, svo sem rannsóknum og varðveislu, er sýnd nauðsynleg alúð og athygli.

Á árinu 2008 varð mikil fjölgun á þeim gestum sem nýttu sér þjónustu sviðsins og má ætla að með því hafi stofnanirnar m.a. styrkt sig enn frekar í sessi. Í anda yfirskriftar ársins verður áhersla lögð á að treysta þann grunn og vikka markhópinn enn frekar. Í sama tilgangi verður unnið markvist að því að auka og efla miðlun og fræðslu.

Endurskoðun menningarstefnu Reykjavíkurborgar

Menningarstefna Reykjavíkurborgar var fyrst samþykkt árið 2001 og breytt lítillega árið 2003. Hún hefur reynst vel en í ljósi breyttra aðstæða þótti tímabært að endurskoða hana.

Stýrihópur um endurskoðun menningarstefnu Reykjavíkurborgar vann allt árið 2008. Tveir verkefnisstjórar komu að starfinu tímabundið, margir samráðsfundirnir haldnir og Reykjavíkur-Akademían kom með markvert framlag. Gerð hefur verið samantekt á stefnumörkun annarra borga og metinn árangur gildandi menningarstefnu.

Mikil áhersla hefur verið lögð á aðkomu sem flestra að mótun nýrrar menningarstefnu. Í fyrstu samráðsfundahrinu tóku þátt á fjórða tug einstaklinga úr menningarlífi Reykjavíkurborgar, sem var falið að finna og þróa nokkrar megin-áherslur í framtíðarsýn menningarlífs Reykjavíkurborgar. Kallað var eftir hugmyndum frá hverfaráðum í Reykjavík um menningar- og söguleg sérkenni og áherslur hvers hverfis fyrir sig. Unnar voru tillögur að sjö meginmarkmiðum í nýrri menningarstefnu. Í annarri samráðsfundahrinu var annar stór samráðshópur kallaður til verks, fulltrúar Bandalags íslenskra listamanna, menningarstofnanna, skóla, leikskóla ofl. Þeir unnu áfram með markmiðsdrögin sjö og komu með tillögur að leiðum að markmiðum. ReykjavíkurAkademían tók virkan þátt í starfinu þar sem 16 fræðimenn hennar unnu

Menningar- og ferðamálasvið



saman að skilgreiningum á hugtökunum menning, sérstaða, auðlind og rými hvað Reykjavík varðar.

Stýrihópur og ritstjóri hafa síðan unnið ný drög fyrir menningar- og ferðamálaráð að menningarstefnu í níu þáttum, sem kynnt verða almenningi á vefnum þar sem kallað verður eftir hugmyndum og skoðunum.

Tillaga að leiðarljósi í menningarmálum:

Menning er mannrækt og auðlind sem byggt er á til framtíðar. Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu; alþjóðleg borg með frjóu, metnaðarfullu listalífi og fjölbreyttu mannlífi. Menningarbragur borgarinnar styrki sjálfsvirðingu og treysti samkennd allra landsmanna.

Markmið stýrihóps er að menningar- og ferðamálaráð samþykki tillögur að nýrri menningarstefnu á fyrri hluta ársins 2009 sem lögð verður fyrir borgarráð til samþykktar. Fjöldi hugmynda sem komið hafa fram á vinnsluferlinu munu geta haft margvísleg áhrif á stefnumótun og framkvæmd borgarinnar í menningarmálum á næstu árum.

Endurskoðun á ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar mun fara af stað á árinu, en núverandi stefna gildir til ársins 2010.

Styrkir og samstarfssamningar í menningarmálum 2009

Verulegar umbætur hafa verið gerðar á styrkjameðferð á síðustu árum, verklagsreglur settar og stofnað til ýmissa nýmæla til viðbótar þeim styrkjameðguleikum sem fyrir eru. Auk verkefnastyrkja, samstarfssamninga og rekstrarframlags til stærri stofnanna er lögð enn frekari áhersla á húsnæðisaðstöðu. Helsta nýmælið í þá veru 2009 er endurgerð *Tjarnarbíós*. Opnun *Tónlistar- og ráðstefnuhúss (TRH)* dregst væntanlega fram yfir árið 2009. Með breytingum á efnahagsástandinu dregur atvinnulífið saman seglin og þörfin fyrir framlag hins opinbera til menningarlífsins eykst.

Tjarnarbíó endurbætt og stækkað

Lokið verður verulegum endurbótum á Tjarnarbíói ásamt viðbyggingu svo það nýttist einkum leik- og

danshópum, kvikmyndahátíðum og öðrum listhópum. Nýtt Tjarnarbíó verður væntanlega opnað á haustdögum.

Styrkir utan við almennt styrkjaferli:

- Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, nær alfarið styrkt af Reykjavíkurborg.
- Listahátíð í Reykjavík styrkt jafnt af ríki og borg.
- Sinfóníuhljómsveit Íslands. Samkvæmt lögum greiðir borgarsjóður 18% rekstrar.
- Sjálfstæðu leikhúsin í Tjarnarbíói, nær alfarið styrkt af Reykjavíkurborg.
- Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum, nær alfarið styrkt af Reykjavíkurborg.
- Framlag til Tónlistar- og ráðstefnuhúss.

Loftbrýr:

Styðja listamenn til útrásar í samvinnu við Ícelandair, fagfélög og fyrirtæki:

- Reykjavík Loftbrú, fyrir tónlistarmenn.
- Muggur, dvalarsjóður og ferðasjóður fyrir myndlistarmenn.

Húsnæðisframlag í borgarhúsnæði:

- Borgarleikhúsið fyrir Leikfélag Reykjavíkur.
- Korpúlfsstaðir fyrir Sjónlistamiðstöð myndlistarmanna og hönnuða.
- Tjarnarbíó einkum fyrir sjálfstæða leikhópa og kvikmyndahátíðir.
- Iðnó fyrir fjölþætta menningarstarfsemi.
- Gunnarshús fyrir Rithöfundasamband Íslands.
- Hafnarstræti 16 fyrir Samband íslenskra myndlistarmanna.
- Nýlendugata 13 og 15 fyrir Myndhöggvarafélagið í Reykjavík.
- Íslensk grafík í Hafnarhúsi.

Styrkir og samstarfssamningar:

- Starfssamningar til fleiri ára, tíu lausir áramótin 2008-2009.
- Verkefnastyrkir. Úthlutaðir í ársbyrjun skv. umsóknum.



- Almenn liststarfsemi. Úthlutað í ársbyrjun skv. umsóknum.
- Tónlistarhópur Reykjavíkur. Valinn úr umsóknum um styrki.
- Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar. Árleg ljóðasamkeppni.
- Borgarlistamaður. Útnefndur 17. júní.

Samstarfssamningar í gildi til ársloka 2009:

Gay Pride, Iceland Airwaves, Íslensk grafík, Íslensk tónverkamiðstöð, Íslensku tónlistarv erðlaunin, Kammersveit Reykjavíkur, Kirkjulistahátíð, Kvinnakórinn Vox Feminae, Leikfélagið Hugleikur, Listvinafélag Hallgrímskirkju, Lúðrasveit Reykjavíkur, Lúðrasveit verkalýðsins, Lúðrasveitin Svanur, Miðstöð munnlegrar sögu, Mozarthópurinn, Myndlistarlán, Möguleikhúsið, Nútímadanshátíð í Reykjavík, Nýsköpunarsjóður tónlistar - Musica Nova, Pars Pro Toto, Reykjavík Shorts & Docs, Schola Cantorum, Stoppleikhópurinn, Stórsveit Reykjavíkur, Tónlistarþróunarmiðstöð, Tónskálda-félag Íslands vegna Myrkra músikdaga, Tríó Reykjavíkur, Voces Thules.

Samstarfsamningar í gildi til ársloka 2010 eða síðar: Alþjóðleg kvikmyndahátíð, Bókmenntahátíð í Reykjavík, Gríman, Nýlistasafn vegna húsnæðis, Tónlistar- og ráðstefnuhús.

Gjaldfrjáls aðgangur

Tilraunin með ókeypis aðgang að Listasafni Reykjavíkur skilaði það frábærum árangri að haldið verður áfram á sömu braut en aðsókn að safninu jókst um 65.000 gesti á milli ára.

Erlend samstarfsverkefni

Menningar- og ferðamálasvið stendur í margvíslegum samskiptum við erlenda samstarfsaðila. Ráðstefna ICOM - CECA verður haldin í Reykjavík 2009 og ráðstefna menningarmálanefnda höfuðborga Norðurlanda verður haldin í Helsinki 2009.

Sviðið og stofnanir þess eiga aðild að eftirtöldum samtökum og taka þátt í starfi þeirra:

- Eurocities – Cultural Committee,
- IFEA – International Festivals and Events Association Europe,
- ECM – European Cities Marketing,
- ICOM - International Council of Museums,
- ICOMOS - International Committee of Monuments and Sites,
- Skandinavisk Museums Forbund,
- Nordsam - Samstarf norrænna safna um samtímasöfnun,
- IFLA - International Federation of Library Associations and Institutions,
- Norrænt net um barnabókasöfn og barnamenningu og Nordbok.

Höfuðborgarstofa tekur þátt í ferðamála kaupstefnum og stjórnendur menningarstofnanna taka þátt í ýmsum samstarfshópum starfsfélaga sinna, eiga reglubundin en óformleg samskipti við ýmis söfn og listamenn og eiga aðild að tilnefningum til alþjóðlegra verðlauna á sínu fagsviði.

Sérverkefni

Endurgerð á grásleppuskúrum og umhverfi þeirra við Grímsstaðarvör verður framhaldið sem og fjölgun menningarmerkinga í borginni. Í *Fógetastofum* að Aðalstræti 10 verða sýningar og viðburðir sem tengjast sögu og menningu fyrir og nú.

Starfsmannamál

Megináhersla verður lögð á að efla góðan og jákvæðan starfsanda og tryggja stöðugleika í starfsmannamálum á tímum mikilla umbrota. Auk þess verður áhersla lögð á að endurskoða allar starfslýsingar og setja þær í samræmt form. Unnið verður að sameiginlegu fræðslu- og kynningarefni fyrir starfsmenn sviðsins með sérstakri áherslu á nýja starfsmenn, þar sem stofnanir sviðsins og önnur starfssemi er kynnt. Áfram verður unnið að aukinni upplýsingagjöf, sameiginlegum fræðslu- og kynningarfundum, heilsuefningu starfsmanna og haldin vika vistaskipta.

Fjármál og rekstur



Rekstur og starfsemi sviðsins árið 2009 mun óhjákvæmilega litast verulega af þrengri stöðu í efnahagslífi þjóðarinnar. Til viðbótar við tilfinnanlegan samdrátt í framlagi borgarsjóðs bætist við fyrirsjáanlegt hrun í sértekjum þeirra stofnana sviðsins, sem helst hafa notið bakhjarla úr atvinnulífinu og/eða aflað tekna með útleigu á húsnæði til ýmissa viðburða. Gert er ráð fyrir að sértekjur sviðsins dragist saman um 56.5 m.kr. eða 24% m.v. endurskoðaða áætlun 2008 og ekki er gert ráð fyrir hækkun á gjaldskrá stofnana sviðsins. Sérstök áhersla verður lögð á að finna nýjar leiðir til öflunar sértekna á sviðinu.

Viðbrögð við versnandi rekstrarumhverfi fóru þegar af stað hjá sviðinu snemma árs 2008 og skilar sú vinna sér áfram inn í reksturinn 2009. Meðal þeirra aðgerða sem ráðist verður í til að mæta breyttum aðstæðum, er að kostnaður við sýningar hjá stofnunum sviðsins verður skorinn verulega niður, fyrirhuguðum sýningum fækkað umtalsvert og þær gerðar ódýrari, ekki verður farið í fyrirhuguð erlend sýningarverkefni nema fjármögnun fái, sýningartími lengdur o.s.frv. Samhliða því verður dregið úr kynningarkostnaði við þennan þátt starfsins.

Dregið verður úr umfangi og kostnaði vegna viðburða á vegum Höfuðborgarstofu. Verulegur samdráttur verður á búnaðarkaupum sviðsins og innkaupa- og húsnæðiskostnaður mun verða rýndur með hagræðingu í huga. Ferðakostnaður er nánast felldur niður nema þegar um er að ræða óhjákvæmilegar skuldbindingar eða ferðir í tengslum við markaðssetningu og kynningu á Reykjavík. Þeim ferðum verður þó einnig fækkað eins og kostur er. Sviðið er bundið í allmarga visitölutengda samninga, bæði fyrir leigu húsnæðis af þriðja aðila og vegna framlaga til menningarstarfssemi.

Lögð er áhersla á sveigjanleika í rekstri Menningar- og ferðamálasviðs og í því felast mikil tækifæri þegar mæta þarf óvæntum aðstæðum. Í áætlun 2009 er allur kraftur settur í að standa vörð um kjarnastarfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar og halda jafnframt áfram að styðja með styrkjum og samstarfi við fjölbreytta grasrótastarfsemi og listrænan metnað hjá sjálfstæðum framkvæmdaaðilum.

Fjármál

Frumvarp 2009 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur -179.538

Gjöld


Laun og launatengd gjöld 763.367

Innri leiga 605.319

Annar rekstrar-kostnaður 1.462.629


Rekstrarniðurstaða 2.651.777

Hlutfallsleg skipting rekstrar 2009




- Stjórnun sviðs
- Stofnanir sviðs
- Styrkir og samstarfssamningar
- Annað
- Hlud. í sam.kostn./innri leiga áhalda og tækja

Stofnanir sviðs
Hlutfallsleg skipting fjármuna 2009




- Borgarbókasafn Rvk.
- Listasafn Reykjavíkur
- Mínjasafn Reykjavíkur
- Höfuðborgarstofa
- Menningarmiðst. Gerðuberg
- Viðey
- Landnámssýningin
- Ljósmyndasafn Rvk.

Styrkir og samstarfssamningar
Hlutfallsleg skipting 2009



- Leikfélag Reykjavíkur
- Sjónlistarmiðst. á Korpúlsstöðum
- Sinfóníuhljómsveit Íslands
- Listahátíð í Reykjavík
- Framlag til TRH
- Aðrir styrkir og samstarfssamningar

Hlutfallsleg skipting gjalda 2009



- Launakostnaður
- Innri leiga
- Styrkir og framlög
- Annar rekstarkostnaður

Fjárhagsáætlun Menningar- og ferðamálasviðs 2009

Kostnaðarstaður	Áætlun	Esk. áætl.	Útk.spá	Áætlun 2009		
	2008	2008	2008	Tekjur	Gjöld	Mism
STJÓRN MENNINGAR- OG FERÐAMÁLA						
03100 Menningar- og ferðamálaráð	14.321	14.321	14.321	0	14.752	14.752
03110 Skrifstofa menningar- og ferðamála	60.785	60.785	60.785	0	62.585	62.585
	75.106	75.106	75.106	0	77.337	77.337
HÖFUÐBORGARSTOFA						
07400 Höfuðborgarstofa	109.419	116.022	116.022	-44.940	168.785	123.845
	109.419	116.022	116.022	-44.940	168.785	123.845
BORGARBÓKASAFN						
03200 Borgarbókasafn	145.087	145.729	145.736	-40.000	195.873	155.873
03201 Aðalsafn	119.636	119.636	119.575	0	125.701	125.701
03202 Kringlusafn	58.317	58.512	58.366	0	62.304	62.304
03203 Sólheimasafn	38.586	38.622	38.603	0	34.387	34.387
03205 Gerðubergssafn	58.447	58.619	58.505	0	61.564	61.564
03206 Seljasafn	3.245	3.260	3.259	0	3.429	3.429
03207 Foldasafn	46.631	46.631	46.629	0	53.615	53.615
03208 Ársafn	42.597	42.597	43.167	0	47.555	47.555
03209 Artótek	585	585	597	-1.000	1.609	609
03250 Bókabíll 1	19.132	19.138	18.890	0	20.206	20.206
	532.262	533.327	533.327	-41.000	606.244	565.244
LISTASAFN REYKJAVÍKUR						
03300 Listasafn Reykjavíkur	131.707	131.707	132.694	-8.650	151.833	143.183
03305 Safnráð Listasafn Rvk.	507	507	180	0	548	548
03310 Hafnarhús	51.078	51.665	53.030	-10.750	71.756	61.006
03311 Kaffitería	1.196	1.196	1.196	-17.900	17.343	-557
03320 Kjarvalsstaðir	45.785	46.247	46.612	-5.770	58.868	53.098
03330 Ásmundarsafn	10.567	10.655	8.266	-5.035	17.587	12.552
03350 Listaverk á opnum svæðum	12.400	12.400	12.400	0	7.139	7.139
03360 Listaverkakaup	18.221	18.221	18.221	0	18.221	18.221
	271.461	272.599	272.599	-48.105	343.295	295.190

Fjárhagsáætlun Menningar- og ferðamálasviðs 2009 frh.

Kostnaðarstaður	Áætlun	Esk. áætl.	Útk.spá	Áætlun 2009		
	2008	2008	2008	Tekjur	Gjöld	Mism
AÐRAR MENNINGARSTOFNANIR						
03500 Menningarmiðstöðin Gerðubergi	91.730	92.023	92.024	-5.530	84.103	78.573
03600 Ljósmyndasafn Reykjavíkur	35.585	35.658	35.658	-8.310	46.113	37.803
03700 Minjasafn Reykjavíkur	129.287	129.632	129.632	-11.235	148.377	137.142
03701 Fornleifarannsóknir	5.000	5.000	5.000	0	0	0
03705 Minjasafn - gjaldfærðir safngripir	0	0	0	0	0	0
03710 Landnámssýningin	51.262	51.651	51.651	-13.200	67.658	54.458
03900 Viðey	54.606	54.840	54.840	-3.218	63.060	59.842
	367.471	368.804	368.804	-41.493	409.312	367.819
STYRKIR OG SAMSTARFSSAMNINGAR						
03101 Leikfélag Reykjavíkur	564.979	568.065	570.767	0	627.800	627.800
03105 Listahátíð í Reykjavík	36.000	36.000	36.000	0	36.000	36.000
03109 Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum	27.409	27.810	27.810	0	31.895	31.895
03111 Loftbrýr	5.200	5.200	5.200	-4.000	8.200	4.200
03113 Styrkir og samstarfssamningar	89.800	96.100	96.100	0	99.600	99.600
03135 Tjarnarbíó, Sjálfstæðu leikhúsin	8.261	8.329	8.329	0	18.213	18.213
03140 Húsnæðisstyrkir til menningarmála	30.539	30.986	30.986	0	35.538	35.538
07250 Sjóminjasafnið	20.850	20.850	21.450	0	21.000	21.000
	783.038	793.340	796.642	-4.000	878.246	874.246
FRAMLÖG						
03102 Sinfóníuhljómsveit Íslands	106.190	106.190	106.190	0	115.000	115.000
03145 Framlag til TRH	61.640	61.640	0	0	113.276	113.276
	167.830	167.830	106.190	0	228.276	228.276
ANNAÐ						
03120 Sameiginl. og ófyrirséður kostn. sviðs	6.900	30.450	24.308	0	19.829	19.829
03121 Tengsl skóla og menningarstofnana	1.465	1.465	1.465	0	1.700	1.700
03125 Gjaldfærðir lausafjármunir	32.000	32.000	32.000	0	19.500	19.500
03137 Sérverkefni	15.000	15.000	15.000	0	5.000	5.000
03138 Aðalstræti 10	6.077	6.077	6.077	0	6.230	6.230
03950 Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	52.165	52.165	52.165	0	52.165	52.165
03999 Innri leiga áhalda og tækja	13.303	13.303	13.303	0	15.396	15.396
	126.910	150.460	144.318	0	119.820	119.820
RAMMI MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐS SAMTALS:						
	2.433.495	2.477.487	2.413.008	-179.538	2.831.315	2.651.777

Stefnukort 2009

Kjörorð: Höfuðborgarhlutverk og alþjóðlegur borgarbragur – metnaðarfull menning og fræðsla – góð nýting fjármuna – framsækið atvinnulíf og nýsköpun – frjótt listalíf – jafnræði og aðgengi.					
Þjónusta	Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og fræðslu barna	Stofnanir sviðsins gegni hlutverki sínu á framúrskarandi hátt	Stuðla að nýsköpun í menningu og ferðaþjónustu	Tryggja jafnræði og jafnrétti og rækja höfuðborgarhlutverkið	Vegvísir í alþjóðlegri borg
Fjármál	Tryggja góða og hagkvæma nýtingu og stýringu fjármuna	Stuðla að verðmætasköpun		Auðvelda samanburð milli rekstrareininga og ólíkra rekstrarleiða	
Verklag	Tryggja góða og skilvirka þjónustu og greiðan aðgang að upplýsingum	Stuðla að bættu samráði og þátttöku í stefnumótun og ákvörðanatöku		Tryggja aðgengilega og gegnsæja stjórnsýslu	
Mannauður	Stuðla að jákvæðu starfsumhverfi og starfsánægju	Stuðla að samvinnu og sveigjanleika í starfi	Efla þekkingu, nýsköpun og frumkvæði starfsfólks	Nýta bestu fánlega þekkingu á hverjum tíma	

Skorkort 2009		Rauntölur 2007	Útkomuspá 2008	Markmið 2009
Þjónusta	Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og fræðslu barna.			
	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur *	316	329	161
	Fjöldi skólabarna og barna í tómstundastarfi í skipulögðum heimsóknum til stofnana sviðsins	37.768	38.679	39.400
	Stofnanir sviðsins gegni hlutverki sínu á framúrskarandi hátt.			
	Aðsókn að stofnunum sviðsins	1.208.113	1.322.000	1.328.000
	Ánægja með starfsemi stofnana sviðsins	73%	82%	85%
	Hlutfall ánægðra gesta Menningarmætur samkvæmt Gallupkönnun	80%	77%	80%
	Stuðla að nýsköpun í menningu og ferðaþjónustu.			
	Nýmæli í starfsemi hjá sviðinu	50	37	34
	Tryggja jafnræði og jafnrétti og rækja höfuðborgarhlutverkið.			
	Fjöldi viðburða og aðgerða í anda fjölmenningsstefnu Reykjavíkurborgar	18	26	26
	Fjöldi innlendra samstarfsverkefna við aðila utan Reykjavíkur	17	19	17
	Vegvísir í alþjóðlegri borg.			
	Framboð á kynningarefni á erlendum tungumálum (fjöldi titla)	50	59	52
	Fjöldi erlendra tungumála í kynningarefni	23	25	28
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	24	25	23	

Skorkort 2009		Rauntölur 2007	Útkomuspá 2008	Markmið 2009
Fjármál	Tryggja góða og hagkvæma nýtingu og stýringu fjármuna.			
	Fjárhagsáætlun v/raun	-6,8%	-2,0%	+/-1%
	Stuðla að verðmætasköpun.			
	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	16	20	17
	Auðvelda samanburð milli rekstrareininga og ólíkra rekstrarleiða.			
	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	990	977	1.018
Sértekjur stofnana sviðsins pr. gest	187	184	158	
Verklag	Tryggja góða og skilvirka þjónustu og greiðan aðgang að upplýsingum.			
	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna	91%	90%	90%
	Fjöldi heimsóknna á vefsvæði <i>visitreykjavik.is</i>	352.883	343.000	415.000
	Stuðla að bættu samráði og þáttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku.			
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þáttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	9	16	7
Mannauður	Stuðla að jákvæðu starfsumhverfi og starfsánægju.			
	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er lítið	87%	87%	88%
	Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna	83%	86%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem ekki hafa orðið fyrir áreitni frá starfsfólki á síðustu 12 mánuðum		91%	100%
	Stuðla að samvinnu og sveigjanleika í starfi.			
	Hlutfall starfsmanna sem telur sig njóta sveigjanleika í starfi til að samræma starf og einkalíf	84%	85%	85%
	Efla þekkingu, nýsköpun og frumkvæði starfsfólks.			
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsmannasamtal á síðustu 18 mán.	59%	48%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til símenntunar og starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum	76%	70%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem telja að vinnustaður sinn leggi áherslu á að starfsmenn miðli þekkingu sín á milli	87%	83%	85%
	Nýta bestu fáanlegu þekkingu á hverjum tíma.			
Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýttá í starfi	78%	69%	83%	

* Breytt viðmið hjá Borgarbókasafni 2009 - sögustundir ekki lengur skilgreindar sem viðburðir.

95 - 100% markmiða náð ■ 75 - <94% þarf að nást ■ Minna en 75% markmiða náð ■

Tryggjum ferðamönnum í Reykjavík fyrirtaks þjónustu





Sumarkönnun 2008

Samkvæmt könnun sem framkvæmd var í Leifsstöð fyrir Höfuðborgarstofu var reynsla fólks af Reykjavík sumarið 2008 mjög jákvæð; 90% kváðu hana frábæra eða góða, 9% sæmilega en 1% slæma.

Gestir höfuðborgarinnar nutu þess að heimsækja veitingastaði borgarinnar, söfn og sundlaugar og versluðu áberandi meira en áður.

Í könnuninni voru jafnframt settar fram nokkrar fullyrðingar sem gestirnir lögðu mat á.

Í ljós kom að ferðamenn töldu fullyrðingarnar um að Reykjavík væri hrein, örugg og skapandi borg eiga vel við, enda játtu 90% aðspurða því hvort þeir myndu mæla með Reykjavík við aðra.



Erlendir ferðamenn og gjaldeyristekjur

Erlendir ferðamenn á Íslandi voru alls 475 þúsund árið 2007 og eru þá ótaldir þeir tæplega 54 þús. sem komu með 85 skemmtiferðaskipum. Á árunum 1990 til 2007 var að meðaltali 7,8% árleg fjölgun ferðamanna til Íslands

Tæplega 530 þúsund ferðamenn styrkja þjónustu og ferðaþjónustutengda innviði borgarinnar verulega og ljóst að án þeirra væri erfitt að starfrækja jafn fjölbreytta flóru veitingastaða, kaffihúsa, verslana, skemmtistaða, safna, sýninga og gallería í borginni og raun ber vitni. Aukin þjónusta við erlenda ferðamenn nýtist þannig íbúum Reykjavíkur og landsins alls með afgerandi hætti. Þessu til undirstrikunnar má nefna að samkvæmt tölum Hagstofunnar voru kaup ferðamanna á gisti- og veitingaþjónustu árið 2006 um 26 milljarðar og útgjöld



ferðamanna til menningar og afþreyingar þetta sama ár námu 5,2 milljörðum króna. Þá eru ótalin áhrif og kynningargildi ferðaþjónustunnar á útflutning frá Íslandi, bæði fyrir hefðbundnar útflutningsvörur eins og fisk og landbúnaðarvörur en í auknum mæli útivistarfátnað, húðsnyrtivörur og fleiri vörur auk útflutnings og kynningu á starfsemi íslenskra listamanna á erlendri grund. Þar hafa tónlistarmenn farið fremstir í flokki en aðrir, m.a. hönnuðir, rithöfundar og myndlistarmenn, sótt í sig veðrið. Fyrir utan þær verulegu gjaldeyristekjur sem ferðaþjónustan skilar til borgarinnar og landsins alls, bæði í beinum og afleiddum tekjum, þá á hún þátt á í að styrkja atvinnustigið og stuðla að fjölbreytni starfa.

Hagstofa Íslands birtir nú í fyrsta sinn ferðaþjónustureikninga fyrir Ísland samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Niðurstöður þessara reikninga sýna meðal annars að árin 2000-2006 var hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu að meðaltali 4,6%. Árið 2006 námu heildarkaup á ferðaþjónustu innanlands tæplega 135 milljörðum króna, eða sem svarar til 11,5% af landsframleiðslu. Kaupin skiptust þannig að kaup erlendra ferðamanna voru 70,6 milljarðar króna eða 6% af landsframleiðslu, neysla heimilanna var um 56 milljarðar eða 4,8% af landsframleiðslu og kaup fyrirtækja og opinberra aðila voru 8,2 milljarðar króna eða 0,7% af landsframleiðslu.

Uppbygging í tengslum við ferðaþjónustu hefur verið gífurleg í Reykjavík á liðnum árum. Fjöldi hótélherbergja jókst um 92% á árunum 2000 til 2007 eða úr 1394 herbergjum í 2.680 en um ríflega 75% ef talin er herbergi á hótélum og gistiheimilum (www.hagstofan.is). Á sama tíma hefur úrval safna, veitingastaða, sundlauga og ýmis konar afþreyingar fyrir ferðamenn aukist töluvert á liðnum árum.

Ferðaþjónustan er þannig ein mikilvægasta atvinnugrein landsins og gegnir lykilhlutverki í því uppbyggingarstarfi sem framundan er; bæði í efnahagslegu tilliti vegna mikilvægra og vaxandi gjaldeyristekna og sem atvinnuskapandi afl - en ekki síður til að styrkja jákvæða ímynd Íslands og Íslendinga.

Tónlistar- og ráðstefnuhúsið (TRH)

Ljóst er að opnun Tónlistars og ráðstefnuhúss skapar mikil tækifæri fyrir ferðaþjónustu í Reykjavík. Þar verður öll þjónusta til fyrirmyndar jafnt fyrir tónleika- sem og ráðstefnugesti. Tónlistar- og ráðstefnuhúsið verður auk þess nýtt kennileiti borgarinnar. Óvissa ríkir um framvindu verkefnisins en þó blasir við að húsið verður ekki opnað í árslok 2009 eins og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Peninganna virði

Höfuðborgarstofa tók á liðnu ári þátt í norrænni viðhorfskönnun meðal ferðamanna sem ferðuðust til höfuðborga og annarra borga á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum. Einnig tók Höfuðborgarstofa þátt í viðhorfskönnun sem Iceland Naturally framkvæmdi í Norður-Ameríku og Kanada á liðnu sumri. Niðurstöður norrænu könnunarinnar leiddu berlega í ljós sérstöðu Reykjavíkur í samanburði við samkeppnisborgirnar. Ferðamenn velja ekki Reykjavík vegna sögulegra minja, rómantikur eða stórfenglegrar byggingarlistar. Þær væntingar sem ferðamenn hafa um upplifun í Reykjavík er að hún sé óvenjuleg, að hér sé mikið rými, að borgin sé nútímaleg, hrein og örugg. Þeir ferðamenn sem hingað komu með þessar væntingar í farteskinu urðu ekki fyrir vonbrigðum, eins og fram kom í könnuninni frá Leifstöð sem minnst var á hér í upphafi. Við eigum því ekki að reyna að kynna Reykjavík á röngum forsendum heldur nýta okkur hversu óvenjuleg hún er í samanburði við nágrannaborgir okkar og það forskot okkar að höfuðborgin sé í svo miklu nábýli við margbrotna og stórfenglega náttúru.

Reykjavík er heillandi áfangastaður, bæði sem gáttin að Íslandi, en ekki síður sem skapandi menningarborg þar sem ferðamaðurinn getur notið alls hins besta í mat og drykk, gistingu, heilsuafþreyingu og viðburðum. Reykjavík og Ísland verða ávallt áfangastaður hins vandfýsna ferðamanns og þó svo að Ísland sé kostnaðarlega hagstæðari áfangastaður nú en oft áður er ákaflega varasamt að byggja kynningu á því að hér sé ódýrt að vera. Reykjavík og Ísland verða aldrei útsölu-áfangastadir, heldur áfangastaðir sem sannarlega eru peninganna virði.

**Safnkostur
Borgarbókasafns er
480.000 og útlán á
árinu 2008 voru
990.000**

**1.314.000
heimsóttu
stofnanir
sviðsins**

Menningar- og ferðamálasvið árið 2008

**Stefnir í 500.000
ferðamenn til Íslands
2008, að ótöldum
ferðamönnum með
skemmtiferða-
skipum. Það yrði
met !**

**13.570
listaverk eru
í eigu
Listasafns
Reykjavíkur**

**400
gestir komu í
Þekkingarheim-
sókn**

**Gestafjöldi í Listasafn
Reykjavíkur jókst
um 65.000 á árinu
eftir að aðgangur
varð ókeypis**



38.700 skólabörn og börn í tómstundastarfi komu í skipulögðum heimsóknnum til stofnana sviðsins

Ljósmyndasafn Reykjavíkur á 4-5 milljónir ljósmynda !

364 daga á ári er Upplýsingamiðstöð ferðamanna opin

Á Heimsdag barna í Gerðubergi komu 1000 manns

Mikil uppskera er á sviðinu. Ræktaðar eru kartöflur, rabbabari og kúmen vex villt í Viðey. Á Árbæjarsafni eru ræktað rifsber í kílóavís á hverju ári.

615 blaðamenn og söluaðilar aðstoðaðir á Höfuðborgarstofu 2008

Einn rostungur er til sýnis á sviðinu og er hann að finna á Landnámssýninguni






Leiðarljós

Borgarbókasafn Reykjavíkur standi jafnfætis bestu almenningsbókasöfnum heimsins hvað varðar búnað og þjónustu og efli menningu í alþjóðlegu umhverfi.




Borgarbókasafn Reykjavíkur





BORGARBÓKASAFN
REYKJAVÍKUR



Borgarbókasafn Reykjavíkur rekur sjö söfn; *aðalsafn í Grófarhúsi, Ársafn, Gerðubergssafn, Foldasafn, Kringlusafn, Seljasafn og Sólheimasafn* ásamt *bókabilnum Höfðingja* með tæplega 40 viðkomustöðum og *sögubílum Æringja* sem heimækir m.a. rúmlega 90 leikskóla borgarinnar.

Hlutverk

Borgarbókasafn Reykjavíkur er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar í samræmi við gildandi lög um almenningsbókasöfn.

Meginmarkmið

- Borgarbókasafn sé aðgengilegt öllum borgarbúum.
- Heimsóknir í Borgarbókasafn séu hluti af daglegu lífi borgarbúa.
- Starfsemi Borgarbókasafns einkennist af víðsýni og virðingu gagnvart fólki af ólíkum uppruna.
- Heimsóknir í Borgarbókasafn séu hluti af menningaruppeldi barna og unglunga.
- Íslenskar bókmenntir séu kynntar jafnt innan lands og utan.
- Safnkostur uppfylli óskir og þarfir viðskiptavina.
- Borgarbókasafn hafi á að skipa ánægðum og hæfum starfsmönnum sem sinni störfum sínum á framúrskarandi hátt.
- Starfsemi Borgarbókasafns sé lýðræðisleg og opin og starfsmenn ásamt borgarbúum hafi áhrif á hana.
- Fjármunum sé vel varið.

(Sjá nánar um hlutverk, leiðarljós og markmið safnsins á vefsíðu safnsins).

Safnið starfar í samræmi við gildandi stefnur og samþykktir Reykjavíkurborgar þar á meðal samþykkt um Borgarbókasafn frá 2002, lög um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 og yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um almenningsbókasöfn frá 1994.

Fjármál

Frumvarp 2009 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur -41.000

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 350.404

Innri leiga 85.230

Annar rekstrar-
kostnaður 170.610

Rekstrarniðurstaða 565.244

Starfsmannafjöldi 2009

Heildarfjöldi starfsmanna 111

Fjöldi stöðugilda 80,1

www.borgarbokasafn.is



HELSTU VERKEFNI 2009

Litrík menning – lifandi borg

Mikilvægasta verkefnið

Mikilvægasta verkefni ársins er að vinna ötullega að meginmarkmiðum Borgarbókasafns sem birtast í upphafskafli þessarar starfsáætlunar og á heimasíðu safnsins.

Almenningsbókasófn, eins og Borgarbókasafn, eru mikilvægar menningarmiðstöðvar fyrir alla fjölskylduna, alla aldurshópa. Þau eru sannkallaður griðarstaður í amstri dagsins en jafnframt staður til að örva ímyndunarafl, njóta þess sem í boði er hvort sem það er safnkosturinn eða viðburðir.

Í Borgarbókasafni er boðið upp á fjölbreyttan safnkost, bækur, tímarit, tónlist, kvikmyndir, fræðslumyndir, hljóðbækur og fleira. Einnig er hægt að fá leigð listaverk gegn vægu verði. Boðið er upp á aðgang að vefnum bæði í tölvum safnsins og með þráðlausum aðgangi.

Árið um kring eru fjölmargir viðburðir sem höfða til allra aldurshópa. Enginn aðgangseyrir er að viðburðum á vegum safnsins.

Aðgengi er gott, innan við eins kílómetra göngufæri að næsta safni eða viðkomustað bókabíls. Afgreiðslutími er langur og lögð er áhersla á að hafa söfnin opin utan hefðbundins vinnutíma á kvöldin og um helgar til að sem flestir geti notið þess sem í boði er. Sjö söfn eru starfandi víðs vegar í borginni og bókabíllinn Höfðingi hefur viðkomu á um 40 stöðum. Sögubíllinn Æringi heimsækir 90 leikskóla borgarinnar auk annarra staða og fer auk þess á hverfishátíðir og aðra viðburði. Heimsendingaþjónusta er í boði fyrir þá sem komast ekki í söfnin eða bókabíl. Mikil áhersla er lögð á að þjónusta safnsins nái til sem flestra hvort sem það er innan veggja safnanna eða utan.

Verði á útlánsskírteinum er stillt í hóf en þau eru ókeypis fyrir börn og unglinga yngri en 18 ára, eldri borgara og borgarstarfsmenn.

Borgarbúar og gestir borgarinnar ættu að finna eitthvað við hæfi í Borgarbókasafni. Almenningsbókasöfn eru oft á tíðum kölluð torg og eru meðal fátta staða þar sem ekkert kostar inn, staður til að hitta fólk eða dvelja óáreittur.

Fjölmenning

Teymi menningarstofnana borgarinnar um fjölmenningu sem starfað hefur frá vori 2008 hefur mótað markmið menningarstofnana Reykjavíkurborgar varðandi fjölmenningu eru að:

- Miðla þekkingu og menningu á milli Íslendinga og innflytjenda.
- Hvetja innflytjendur til að nýta sér þjónustu menningarstofnana og taka virkan þátt í verkefnum og viðburðum á vegum stofnananna.
- Virkja innflytjendur til samstarfs og efla tengsl milli innflytjenda og annarra.
- Nota menningu sem tæki til að auka skilning milli fólks af ólíkum uppruna.
- Gera heimsókn á menningarstofnanir að hluta af daglegu lífi innflytjenda.

Borgarbókasafnið leggur metnað sinn í að þjóna innflytjendum sem best og hefur að leiðarljósi í því starfi yfirlýsingu IFLA um fjölmenningarlegt bókasafn frá 2008. Yfirlýsingin er birt á heimasíðu safnsins.

Miðstöð fjölmenningarverkefna Borgarbókasafns verður Gerðubergssafn, t.d. með samstarfi við menningarmiðstöðina Gerðuberg og útibú Alþjóðahúss þar. Safn barnabóka á tungumálum innflytjenda í Gerðubergssafni eykst smám saman. Komið verður á laggirnar skiptibókamarkaði efnis á innflytjendamálum, fyrst í Gerðubergssafni og ef vel tekst til einnig í aðalsafni. Meðal fjölmenningarlegra verkefna má nefna *lexíukaffi* fyrir unglinga í 10. bekk og söguhring kvenna sem stofnaður verður. *Sólarhátíð*, hefðbundin fjölskylduhátíð á sumardaginn fyrsta var í fyrra með fjölmenningarlegu ívafi. Verður sú hátíð endurtekin á árinu. Á viðburðadagatali safnsins er fjöldi fjölmenningarlegra viðburða.



Ný heimasíða og ný síða bókmennta-vefjar

Búið er að flytja heimasíðu safnsins og bókmenntavef í nýtt vefumhverfi. Með því gefst tækifæri til að bæta síðurnar og gera þær gagnvirkari. Blogg, wiki og fleira verður innleitt smám saman.

Erlend samskipti

Borgarbókasafn mun í samstarfi við Landskerfi bókasafna sem rekur *gegnir.is*, Landsaðgang að gagnasöfnum *hvar.is*, Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn og e.t.v. fleiri leita leiða til að búa til *eina gátt* (einn aðgang) að safnkosti sem flestra menningarstofnana landsins. Um áramótin munu ofangreindir íslenskir aðilar hefja vinnu við tilraunaverkefni í samstarfi við Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn.

Tveir viðburðir verða á árinu í samstarfi við Goethe-stofnunina.

Grafarvogssafn

13. september s.l. var undirritaður samningur um byggingu menningar- og þjónustumiðstöðvar í Spönginni en framkvæmdir vegna hússins hafa dregist. Unnið verður að undirbúningi flutnings Foldasafns þangað. Spennandi tækifæri skapast þarna fyrir bókasafnið og íbúa Grafarvogs en

fjölbreytt starfsemi mun fara fram í húsinu.

Starfsmenn

Aðgerðaáætlun um góð samskipti og starfsánægju sem sett var fram í október s.l. verður framfylgt. Öllum starfsmönnum er það metnaðarmál að Borgarbókasafn sé fyrirmyndarvinnustaður. Fjöl- margar leiðir verða farnar til að svo verði áfram. Á árinu verða vistaskipti skipulögð þannig að allir starfsmenn taki þátt. Fyrirlestrar sem haldnir eru á námskeiði fyrir nemendur í bókasafns- og upplýsingafræði í janúar munu einnig standa starfsmönnum til boða til að öllum starfsmönnum sé ljós fjölbreytt starfsemi safnsins. Starfsþróunar- samtöl fara fram í öllum deildum á sama tíma og eftirfylgni þeirra verður bætt.

Námskeið fyrir nemendur í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands

Annað hvert ár heldur Borgarbókasafn vikunámskeið fyrir háskólanema. Þeir vinna síðan verkefni undir leiðsögn starfsmanna safnsins.

Viðburðir

Vísad er í viðburðadagatal safnsins. Það er fjölbreytt að vanda og er nú með frekari áherslu en áður á fjölmennigarlega viðburði.



Lykiltölur

	Raun 2006	Raun 2007	Útk.spá 2008	Markm. 2009
Gestafjöldi	569.909	572.119	600.000	600.000
Fjöldi gesta sem heimsóttu vefi BBS (meðaltal á mán)	8.798	8.700	8.700	8.700
Fjöldi uppflættinga á vefi BBS (meðaltal á mán)	52.271	52.000	52.000	52.000
Safnkostur	482.981	479.639	480.000	480.000
Safnkostur á íbúa	4,2	4,0	4,0	4,0
Velta safnkosts-útlán á eintak	2,0	2,0	2,0	2,0
Velta safnkosts-tónlist (eingöngu) útlán á eintak	4,5	3,6	3,6	3,6
Tölvur fyrir gesti	43	43	43	43
Fjöldi íbúa um hverja tölvu	2.669	2.737	2.750	2.750
Afgreiðslustundir safnanna og bókabíls á viku	360	360	360	360
Afgreiðslustundir á ári	18.720	18.720	18.720	18.720
Afgreiðslustundir samstarfssafnanna í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi á viku	81	81	81	81
Heildarhúsnæði í fermetrum-brúttó	6.726	6.726	6.726	6.726
Útlán	959.706	941.249	990.000	1.000.000
Útlán til skipa (fjöldi skipa)	16	16	16	16
Útlán til stofnana (fjöldi stofnana)	6	6	6	6
Bókin heim (fjöldi notenda)	80	80	80	80
Koffort í leikskóla. Útlán	2.500	2.500	2.500	3.000
Útlán á íbúa	9	8.2	8.5	8.6
Fjöldi viðburða	210	43	45	45
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	8.627	6.000	6.000	8.000



Viðburðadagatal Borgarbókasafns 2009

Febrúar	Vetrarhátíð, Safnanótt og Ljóðaslamm. Heimsdagur í Gerðubergssafni.
Apríl	Vika bókarinnar. Sólarhátíð á sumardaginn fyrsta - fjölskylduhátíð með fjölmennarlegu ívafi í aðalsafni. Bókaverðlaun barnanna afhent að undangenginni kosningu um allt land.
Mái	Arkitektúr bókasafna – sýning og dagskrá í samstarfi við Goethe- stofnun.
Júní	Kvöldgöngur úr Kvosinni. Ritsmiðjur. Sumarlestur barna. Reykjavík Safari (merkir staðir í miðborginni kynntir á mörgum tungumálum)
Júlí	Kvöldgöngur úr Kvosinni. Bókmenntagöngur á ensku (4). Sumarlestur barna í öllum söfnum.
Ágúst	Kvöldgöngur úr Kvosinni. Bókmenntagöngur á ensku (4). Menningarnótt.
September	Vika símenntunar. Málþing starfsmanna. Dagskrá um sögupersónu í samstarfi við Menningarmiðstöðina Gerðuberg.
Október	Teiknimyndasögur – sýning í samstarfi við Goethe-stofnun o.fl.
Nóvember	Norræna bókasafnavikan.
Desember	Bókmenntakynningar fyrir unglunga. Nýjar bækur kynntar nemendum í efstu bekkjum grunnskóla.
<p>Allt árið: Ýmsar barna- og fjölskyldudagskrár s.s. Sunnudagar eru barnadagar í aðalsafni. Ýmsir viðburðir s.s. tónleikar, brúðuleikhús, heimsóknir listamanna, fyrirlestrar, bókmenntadagskrár, sýningar eftir því sem aðstæður bjóða upp á. Þáttaka hverfissafna, bókabílsins Höfðingja og sögubílsins Æringja í hverfishátíðum. Myndlistarsýningar í Artóteki (4-5). Ýmsar minni sýningar í einstökum söfnum eftir því sem aðstæður bjóða upp á.</p> <p>Ýmsir fjölmennarlegir viðburðir verða áberandi allt árið: Sögustundir og safnkynningar á ýmsum tungumálum. Menningarmót fyrir börn og fullorðna t.d. í (leik)skólum og á vinnustöðum. Kynningar á bókasafninu fyrir starfsmenn á vinnustöðum þar sem erlendir starfsmenn vinna. Ratleikur fyrir börn og unglunga. Safnkynningar fyrir fólk af erlendum uppruna sem eru að læra íslensku.</p>	

Birt með fyrirvara um breytingar.



Leiðarljós

Reykjavík eflist sem höfuðborg Íslands í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála. Sérstaða hennar sem hreinnar og nútímalegrar menningarborgar í nábýli við einstæða náttúru verði þekkt og virt. Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður allt árið um kring og þannig verði rennt styrkari stöðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í tengslum við ferðaþjónustu á Íslandi.



Höfuðborgarstofa





Hlutverk

Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan. Stofan skal vinna stöðugt og markvisst að því að skilgreina sóknarfæri og styrkleika Reykjavíkur á sviði ferðamála, m.a. með samþættingu nýsköpunar og vörubróunar, markaðs-setningar og viðburða. Höfuðborgarstofa skal reka öfluga upplýsingamiðlun fyrir ferðamenn þar sem lögð er áhersla á faglega þjónustu sem tekur til landsins alls. Höfuðborgarstofa skal sjá um framkvæmd á skilgreindum borgarhátíðum og vera skýr farvegur fyrir undirbúning, framkvæmd og kynningu á viðburðadagatali borgarinnar auk þess að sinna samráði og ráðgjöf við skipuleggjendur viðburða. Höfuðborgarstofa skal hafa frumkvæði að því að skilgreina samstarfsfleti á milli stofnana Reykjavíkurborgar og aðila í ferðaþjónustu með það að markmiði að auka samstarf, upplýsingamiðlun og nýsköpun í ferðaþjónustu.

Meginmarkmið

- Styrkja stöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar Íslands í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála.
- Gera Reykjavík að eftirsóttum áfangastað fyrir ferða-menn allt árið um kring og stuðla þannig að betri afkomu atvinnulífs og menningarstarfs í tengslum við ferða-þjónustu á Íslandi.
- Vinna að því að gestir Reykjavíkur fái framúrskarandi móttökur.
- Rækta hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar gagnvart landinu öllu m.a. með traustri miðlun upplýsinga um Ísland til ferðamanna.
- Stuðla að aukinni fagmennsku og gæðum í upplýsinga-miðlun til ferðamanna um Reykjavík og Ísland.
- Auka vægi viðburða og menningar í ferðamennsku í Reykjavík til hagsbóta fyrir íbúa, atvinnulíf og gesti höfuð-borgarinnar.
- Virkja stofnanir og fyrirtæki borgarinnar til samstarfs um eflingu Reykjavíkur sem áfangastaðar.

HELSTU VERKEFNI 2009

Litrík menning – lifandi borg

Fátt yfir betur undir þá upplifun að borgin sé lifandi og menningarlífíð litríkt en viðburðir, stórir og smáir sem breyta svip borgarinnar og færa

Fjármál

Frumvarp 2009 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur **-44.940**

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 60.159

Innri leiga 206

Annar rekstrar-kostnaður 108.420

Rekstrarniðurstaða 123.845

Starfsmannafjöldi 2009

Heildarfjöldi starfsmanna 15

Fjöldi stöðugilda 11

www.visitreykjavik.is



hana gjarnan í hátíðarbúning. Um hálf milljón erlendra ferðamanna sem sækir borgina heim á ári hverju setur einnig á hana skemmtilegt fjölþjóðlegt yfirbragð. Starfsemi Höfuðborgarstofu beinist að því að efla og auka þessa tvo meginþætti lifandi og litríkar borgar.

Ferða- og markaðsmál

Reykjavík keppir við þúsundir áfangastaða um allan heim um athygli og heimsóknir ferðamanna og samkeppnin er afar hörð. Höfuðborgarstofa nálgast það verkefni að styrkja samkeppnisstöðu Reykjavíkur með margs konar aðgerðum; til að mynda í gegnum almannatengsl, alþjóðleg samskipti, móttöku blaðamanna, útgáfu, markaðs- og kynningarstarf, þekkingarheimsóknir, ferðasýningar og ferðavefsvæði Reykjavíkur.

Almannatengsl – markaðssetning – útgáfa

Aukin áhersla verður lögð á að nýta almannatengsl og sinna móttöku erlendra blaðamanna til að kynna Reykjavík á öllum lykilmörkuðum. Meira verður gert af því en áður að bjóða sérstökum blaðamönnum heim í samstarfi við Ferðamálastofu og flugfélögin Icelandair og Icelandexpress. Nauðsynlegt er að auka jákvæða umfjöllun um Reykjavík og Ísland á lykilmörkuðum. Samstarf við ferðamálayfirvöld og helstu ferðaþjónustufyrirtækin í borginni verða áfram grunntónn í markaðsstarfi með dreifingu á prentefni, þátttöku í kynningarviðburðum og öðrum sértækum markaðsaðgerðum.

Í ljósi hagræðingar í rekstri verður dregið úr auglýsingabirtingum, útgáfu nýs kynningarefnis og þátttöku í ferðakaupstefnum. Þrátt fyrir frestun á opnun Tónlistar- og ráðstefnuhússins er nauðsynlegt að halda áfram að kynna Reykjavík og Ísland sem spennandi áfangastað fyrir bæði ráðstefnur og hvataferðir í samstarfi við Ráðstefnuskrifstofu Íslands og Ferðamálastofu.

Iceland Naturally

Reykjavíkurborg gekk til liðs við landkynningarverkefnið Iceland Naturally (IN) í

Norður Ameríku um mitt ár 2008. Markmið verkefnisins að vekja athygli á Íslandi sem spennandi ferðamannastað og styrkja ímynd landsins með áherslu á hreina náttúru og blómstrandi menningu.

Visitreykjavik.is

Ferðavefsvæði Reykjavíkur felur í sér ótalmarga ónýtta möguleika og áhersla verður lögð á þróun vefsins með tilliti til þess að gera hann notendavænni þannig að hann veiti ekki eingöngu hagnýtar upplýsingar um Reykjavík heldur verði gagnvirkari og sterkari upplifunarvefur. Í undirbúningi er ýmis gagnvirk miðlun svo sem stutt kynningarmyndbönd, hlaðvarp, markhópadaðagskrá og fleira.

Reykjavík í farsímann

Haldið verður áfram með samstarf við fyrirtækið Ými um farsímahugbúnaðinn Hvar & hvenær sem er upplýsingamiðill um höfuðborgarsvæðið fyrir bæði Íslendinga og erlenda ferðamenn. Forritið var reynt með góðum árangri á Menningarnótt 2008. Hugbúnaðurinn inniheldur allar helstu upplýsingar um þjónustu svæðisins s.s. söfn, sundlaugar, hótél og veitingahús ásamt gagnvirkum götukorti af Reykjavík. Hugbúnaðurinn virkar á nær öllum farsímum á íslenskum markaði í dag og kostar ekkert fyrir hinn almenna borgara að sækja eða nota fyrir utan mögulegan internetkostnað farsímafyrirtækjanna.

Kvikmyndaborgin Reykjavík

Verkefnið Kvikmyndaborgin Reykjavík hefur það hlutverk að vekja athygli á aðstöðu og kostum Reykjavíkur sem kvikmyndaborgar og greiða götu kvikmyndagerðamanna sem áhuga hafa á Reykjavík. Á árinu verður unnið að kynningarmálum í samstarfi við skrifstofu Útflutningsráðs Film in Iceland og framleiðslufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Ísland er sem aldrei fyrr hagstætt umhverfi fyrir erlenda kvikmyndagerðarmenn og afar mikilvægt að tryggja að koma þeim upplýsingum til erlendra framleiðslufyrirtækja.



Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgar-svæðinu

Í kjölfar nýstárlegrar framsetningar á kynningu á ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu með snertiskjá í Upplýsingamiðstöð ferðamanna (UMFR) verður sama útfærslan löguð að vefsvæðum sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins. Höfuðborgarstofa verður eflað sem markaðsstofa svæðisins í heild og m.a. verður leitað eftir viðtækara samstarfi í þessu skyni við ferðamálayfirvöld. Höfuðborgarstofa mun jafnframt taka þátt í að skipuleggja með Útflutningsráði námskeið fyrir ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu. Námskeiðið *Hagvöxtur á heimaslóð* hefur nýst vel um allt land við að auka fagmennsku og efla lítil og meðalstór fyrirtæki í greininni.

Úttekt á aðgengi fyrir fatlaða

Hafin verður vinna við að kortleggja aðgengi fyrir fatlaða ferðamenn í samstarfi við hagsmunaaðila og samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Horft verður til aðgengis að ýmsum ferðamannastöðum innan borgarinnar, veitingastaða og hótela. Niðurstöður verkefnisins verða kynntar á ferðavefsvæði Reykjavíkur og víðar.

Þekkingarheimsóknir

Þekkingarheimsóknir eru skipulagðar heimsóknir þar sem tekið er á móti erlendum aðilum sem vilja kynna sér starfsemi og sérstöðu borgarinnar. Sérstakt gjald er greitt fyrir hverja heimsókn.

Með þátttöku í þekkingarheimsóknum gefst stofnunum Reykjavíkurborgar tækifæri til að miðla því besta sem þau hafa þróað í þekkingu, lausnum og rekstri auk þess sem þær eiga kost á að mynda fjölbreytt alþjóðleg tengsl. Þekkingarheimsóknir sýna Reykjavíkurborg sem framsækna og alþjóðlega borg og eykur fjölbreytni í samsetningu gesta sem sækja borgina heim.

Unnið verður að því, í samvinnu við fjölda hagsmunaaðila að því kynna og dreifa kynningarefni um heimsóknirnar erlendis. Hvatt verður til þátttöku fleiri reykvískra fyrirtækja og stofnana að verkefninu og með því gert enn eftirsóknarverðara fyrir erlenda gesti.

Endurskoðun ferðamálastefnu

Hafist verður handa við endurskoðun á ferðamálastefnu Reykjavíkur sem gildir til 2010. Undirbúið verður viðtækt samráð við hagsmunaaðila um framtíðartækifæri Reykjavíkur sem áfangastaðar.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík (UMFR)

Höfuðborgarstofa rekur Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn (UMFR) og aðra sem leita að allhliða upplýsingum um ferðatengdaþjónustu um landið allt. Upplýsingamiðstöðin Aðalstræti 2 er sú stærsta sinnar tegundar á landinu og má þar finna upplýsingar um gistingu, samgöngur, afþreyingu, menningu, minjar og margt fleira. Starfsfólk UMFR skal veita framúrskarandi þjónustu enda eru kröfur gerðar um afburðar þekkingu á landinu auk fjölbættrar tungumálakunnáttu.

Lifandi vegvísar

Þriggja ára reynsla er nú komin á samstarf við Vinnuskólann í Reykjavík um verkefnið *Lifandi vegvísar*. Full ástæða þykir til að þróa verkefnið svo að það nýtist betur UMFR og þjónustu við ferðamenn þannig að ungmenni vísi erlendum ferðamönnum til vegar fram í miðjan ágúst.

Starfsþjálfun

Höfuðborgarstofa hyggst í samstarfi við Ferðamálastofu bjóða upp á námskeið fyrir starfsmenn upplýsingamiðstöðva um allt land. Markmiðið með námskeiðinu er að samræma upplýsingagjöf landshluta á milli, kynna nýjungar og auka gæði þjónustunnar, m.a. með því að fá fagaðila frá hinum ýmsu stofnunum til að upplýsa starfsmenn um þætti eins og þær hættur sem ferðamaðurinn getur mætt á ferð sinni um landið.

Gestakort Reykjavíkur

Gestakortið er í stöðugri þróun og endurnýjun. Kortið breytti um svip árið 2008 þegar verslunum og veitingahúsum var gefinn kostur á aðild að kortinu og þannig þróaðist kortið í það að vera bæði aðgangs- og afsláttarkort. Stefnt er að því að útfæra



afsláttarþáttinn enn frekar með fleiri og fjölbættari aðilum. Einnig verða skoðaðir möguleikar á sérhæfingu kortsins með tilliti til sérstakra markhópa eins og ráðstefnugesta og ungs fólks.

Samstarf við Norður-Atlantshafslöndin

Höfuðborgarstofa hlaut styrk frá NATA (North Atlantic Tourism Association) til að efla samstarf á sviði ferðamála milli Grænlands, Íslands og Færeyja. Samstarfið felst í að upplýsingar um löndin verða aðgengilegar í UMFR og mun starfsfólk fá sérstaka kynningu á ferðamöguleikum til Grænlands og Færeyja frá Íslandi.

Viðburðadeild

Borgarhátíð býr til minningar hjá fólki um borgina og styrkir þannig jákvæða ímynd borgarinnar í hugum fólks. Helsta verkefni viðburðadeildar Höfuðborgarstofu er að sjá um framkvæmd fjölmargra borgarhátíða. Framkvæmdin er fjölbætt og nær yfir allt frá hugmyndavinnu til öryggismála. Viðburðadeildin er auk þess milligöngumaður milli Reykjavíkurborgar, framkvæmdaraðila og gesta. Eitt það helsta sem einkennir þær hátíðir sem Höfuðborgarstofa sér um er að þær virkja borgarbúa til skapandi þátttöku.

Höfuðborgarstofa sinnir bæði skilgreindum borgarhátíðum, tekur að sér framkvæmd viðburða fyrir aðrar stofnanir Reykjavíkurborgar og sinnir ráðgjöf og aðstoð við stærri og smærri viðburði í Reykjavík.

Vetrarhátíð 13. – 14. febrúar

Liður í hagræðingu Höfuðborgarstofu á starfsárinu 2009 er að draga úr viðburðum á Vetrarhátíð með því að hefja hana á föstudegi í stað fimmtudags. Niðurskurðurinn mun þó ekki hafa áhrif á þá viðburði hátíðarinnar sem notið hafa mestra vinsælda, Safnanótt og Heimsdag barna.

Ferðalangur 23. apríl

Á Ferðalangi taka ferðaþjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu þátt og kynna vöru sína og þjónustu ókeypis eða á kostnaðarverði. Með þessum

hætti leitast Höfuðborgarstofa við að gera borgarbúa að betri gestgjöfum og stuðla að betri nýtingu á þeirri afþreyingu, skemmtun og menningu sem er fyrir hendi á höfuðborgarsvæðinu.

Menningarnótt 22. ágúst

Menningarnótt er einstök hátíð, bæði eykst fjöldi viðburða og þátttakanda með ári hverju og miðborg Reykjavíkur skrýðist litríkari og skemmtilegri skrúða þennan dag en aðra. Menningarnótt er einnig einstakt verkefni í borgarkerfinu því fá önnur verkefni sameina öll svið borgarinnar á jafn skapandi og jákvæðan hátt.

Friðarsúla 9. október

Höfuðborgarstofa mun starfa með listakonunni Yoko Ono, Listasafni Reykjavíkur og verkefnisstjóra Viðeyjar að þróun viðburða tengdum tendrun Friðarsúlunnar.

Aðventuhátíð 29. nóvember

Höfuðborgarstofa hefur umsjón með hátíðarhöldum í tengslum við tendrun ljósa Óslóatrésins á Austurvelli.

Barnalistahátíð

Í ljósi hagræðingar í rekstri árið 2009 er gert ráð fyrir að fyrirhugaðri Barnalistahátíð verði skotíð á frest til ársins 2010. Ljóst er að hátíðina þarf að halda í góðu samstarfi við önnur svið borgarinnar, sérstaklega Mennta- og Leikskólasvið, sem einnig leita leiða til hagræðingar. Róðurinn yrði því afar þungur og hætta á að hátíðin fengi ekki þann meðbyr frá byrjun sem hún á skilið. Lagt er til að verkefnisstjórn sem skipuð var haustið 2008 haldi áfram undirbúningsvinnu og að hátíðin verði haldin með glæsibrag á vormánuðum 2010.

Samstarfssamningar

Hátíð hafsins 6. - 7. júní.

Höfuðborgarstofa sér um Hátíð hafsins fyrir Faxaflóahafnir og Sjómannadagsráð. Hátíðin miðar að því að allir í fjölskyldunni finni eitthvað við sitt

Höfuðborgarstofa



hæfi og góð tenging hefur náðst milli nýrra og gamalla síða.

Leyfisveitingar og ráðgjöf

Höfuðborgarstofa heldur utan um leyfisveitingar vegna götu- og torgsölu í borginni í samstarfi við aðra hlutaðeigandi s.s. Heilbrigðiseftirlit, Lögreglu og fleiri.

Höfuðborgarstofa tekur í sívaxandi mæli að sér að vera nokkurs konar gátt að leyfum til viðburðahalds í Reykjavík. Þróast hefur ákveðið verklagsferli í góðu samstarfi við Lögreglu og Framkvæmda- og eignasvið.

Miðborg Reykjavíkur

Stefnt er að gerð þjónustusamnings við félagið Miðborg Reykjavíkur en starfsemi félagsins er um margt náskyld ýmsum sem verkefnum sem Höfuðborgarstofa sinnir á vettvangi ferðamála og viðburða.



Lykiltölur

	Raun 2006	Raun 2007	Útk.spá 2008	Markm. 2009
Hlutfall ánægðra gesta Menningarnætur	72%	80%	77%	80%
Fjöldi heimsókna á vefsvæði menningarnott.is (10-21. ág.)	17.453	18.112	20.138	22.000
Gestafjöldi á Upplýsingamiðstöð	232.324	249.759	263.000	260.000
Hlutfall ánægðra gesta Vetrarhátíðar			73%	75%
Sala á gestakorti (fjöldi korta)*	8.001	6.309	7.500	8.100
Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi	422.280	485.000	500.000	520.000
Fjöldi heimsókna á vefsvæði visitreykjavik.is	355.148	325.601	300.000	370.000
Fjöldi blaðamanna og annarra söluaðila	317	420	615	700
Fjöldi þekkingarheimsókna		32	40	60
Fjöldi gesta í þekkingarheimsóknum		460	400	500
Fjöldi fyrirlestra/vettvangsheimsókna í þekkingarheim- sóknum		57,5	60	80

*Kort til blaðamanna meðtalin.

Viðburðadagatal Höfuðborgarstofu 2009	
13. - 14. febrúar	<i>Vetrarhátíð. Safnanótt.</i>
23. apríl	<i>Ferðalangur.</i>
6. - 7. júní	<i>Hátíð hafsins.</i>
22. ágúst	<i>Menningarnótt.</i>
16. - 22. september	<i>Samgönguvika.</i>
9. október	<i>Friðarhátíð.</i>
29. nóvember	<i>Jólatréð á Austurvelli.</i>

Birt með fyrirvara um breytingar.



Leiðarljós

Að Listasafn Reykjavíkur sé framúrskarandi alþjóðlegur vettvangur myndlistar sem leggur áherslu á markvissa þjónustu við ólíka hópa og eftirsóknarverður viðkomustaður í daglegu lífi fólks.



Listasafn Reykjavíkur





LISTASAFN REYKJAVÍKUR
KJARVALSSTAÐIR • HAFNARHÚS • ÁSMUNDARSAFN



Safnið hefur þrjú hús til umráða: *Kjarvalsstaði* frá 1973, *Ásmundarsafn* frá 1983 og *Hafnarhúsið* frá árinu 2000.

Hlutverk

Samkvæmt samþykkt fyrir Listasafn Reykjavíkur er hlutverk stofnunarinnar að:

- Safna svo fullkomnu safni íslenskrar myndlistar sem unnt er, skrá það, varðveita og sýna.
- Rannsaka og sinna fræðslu um myndlist og byggingarlist.
- Efna til kynningar á verkum og starfsemi safnsins.
- Hafa umsjón og eftirlit með myndverkum á almannafæri í eigu borgarinnar.
- Stuðla að því að borgarbúum og öðrum gestum safnsins sé gert kleift að fylgjast með því helsta sem er að gerast í myndlist.

Meginmarkmið

- Að val verka í safneign og til sýninga ráðist af listrænu gildi þeirra fyrst og fremst.
- Að sinna fræðslu, kynningu og útgáfu á þann hátt að nútímalist verði aðgengileg öllum.
- Að hlúa að rannsóknum og skráningu á listaverkum safnsins á þann hátt að safneignin geti þjónað menningarsögulegu hlutverki sínu til frambúðar.
- Að hafa gott eftirlit og umsjón með listaverkum á almannafæri í eigu borgarinnar svo þau haldi listrænu gildi sínu.
- Að sýna helstu stefnur og strauma í list samtímans og með því gera borgarbúum og öðrum gestum safnsins kleift að fylgjast með framsækinni íslenskri og alþjóðlegri myndlist.

HELSTU VERKEFNI 2009

Með orðin *Litrik menning - lifandi borg* að leiðarljósi verður áhersla lögð á að breikka markhóp safnsins enn frekar og þjóna fjölbreyttari hóp gesta.

Í þeim tilgangi verður markvist unnið að því að **auka og efla miðlun**.

Fjármál

Frumvarp 2009 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur **-48.105**

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 123.416

Innri leiga 90.492

Annar rekstrar kostnaður 129.387

Rekstrarniðurstaða 295.190

Starfsmannafjöldi 2009


Heildarfjöldi starfsmanna 43

Fjöldi stöðugilda 24,2

www listasafnreykjavikur.is



Leitast verður við að skapa vettvang fyrir fræðslu í formi umræðu með því að útvíkka fræðsludagskrá safnsins og tengja hana betur umræðunni í þjóðfélaginu. Þannig verður sóst eftir innleggi fólks með mismunandi reynslu og skoðanir um margvísleg málefni sem tengjast list. Á sama tíma verður kennslufræðilegur grundvöllur þeirrar fræðslu sem boðið er uppá fyrir skóla og aðra hópa sem koma á safnið í skipulögðum heimsóknum treystur með aukinni samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.



Sérstök markmið í innra starfi safnsins tengjast einnig miðlun. Mikilvægur þáttur í starfsemi Listasafns Reykjavíkur er að safna íslenskri list, skrá hana, varðveita og rannsaka. Stefnt verður að því að gera safneignina aðgengilega á rafrænu formi á árinu, bæði á snertiskjám í söfnunum til að auðvelda upplýsingaöflun um íslenska list fyrir rannsóknir, fræðslu og skemmtun, og á innri vef borgarinnar til að bæta útlánsþjónustu á listaverkum til borgarstofnana. Til að gera þetta mögulegt verður ráðist í átaksverkefni í upplýsingaöflun, skráningu og ljósmyndun verka.

Í tilefni af **tuttugu ára afmæli stórgjafar Errós** á listaverkum, bréfum, skjölum og öðrum heimildum um listamannsferil hans verður sérstök áhersla lögð á Errósafn á þessu ári. Lagt verður í markvissa vinnu við frekari öflun heimilda, skráningu, flokkun og rannsóknir á safneigninni fyrir heildarskrá yfir verk Errós. Einnig verður unnið að þróun kennslugagna um list Errós, margmiðlunarútgáfu og undirbúningi á útgáfu myndabóka fyrir börn og unglínga og safnabók á skrifum hans um list.

Tvær stórsýningar verða haldnar í tilefni 20 ára afmælis Errósafns. Önnur þeirra verður tileinkuð verkum *Errós* sjálfs en hin listakonum sem hlotið hafa viðurkenningu úr *listasjóði sem Erró* stofnaði til minningar um frænku sína Guðmundu S. Kristinsdóttur árið 1997. Framlag úr sjóðnum er veitt framúrskarandi listakonum og mun sýningin því gefa góða mynd af framlagi kvenna til íslenskrar myndlistar síðastliðin ár.

Ásmundarsafn mun vera í brennidepli á árinu. Leitast verður við að kynna safnið betur fyrir landsmönnum og erlendum ferðamönnum sem þá einskæru perlu íslenskrar menningarsögu sem húsið og höggmyndagarðurinn er. Meðal annars verður nýr kynningarbæklingur gefinn út og sýningar á nýjum verkum íslenskra listamanna settar upp innan um verk Ásmundar.

Auk **fjölda einka- og samsýninga íslenskra listamanna** má nefna tvær sýningar sem Listasafn Reykjavíkur hefur skipulagt á verkum erlendra listamanna. Ef erlendir samstarfsaðilar fást verður haldin sýning á *skákbörðum eftir marga þekktustu listamenn 20. og 21. aldarinnar* á Kjarvalsstöðum og innsetning eftir einn helsta fulltrúa japanskrar samtímalistar, *Yoshitomo Nara*, sýnd í Hafnarhúsi. Verk Nara eru runnin úr japanskri dægurmenningu (anime og manga) og leitast verður við að kynna þá menningu í tengslum við sýninguna.

Áfram verður lögð áhersla á reglubundið viðhald og fyrirbyggjandi forvörslu **listar í almenningsrými**. Ný verk eru í þróun fyrir Grófartorg og fyrir torg Tónlistar- og ráðstefnuhúss.

Listasafn Reykjavíkur



Lykiltölur

	Raun 2006	Raun 2007	Útk.spá 2008	Áætlun 2009
Gestafjöldi	121.695	145.015	210.000	215.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	10.800	10.000	10.000	10.000
Fjöldi viðburða	58	65	95	100
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	7	7	5	3
Útlán listaverka	903	711	638	650
Fjöldi útgáfuverka	26	24	29	20
Fjöldi listaverka í eigu safnsins	13.553	13.559	13.570	13.580
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins	133	136	136	138

Viðburðadagatal Listasafns Reykjavíkur 2009

Hafnarhús	
22. jan. - 8. mars	<i>Ásmundur Ásmundsson</i> . Einkasýning listamannsins í sýningaröð þar sem varpað er ljósi á tengsl safnsins og almenningsrýmisins utan veggja þess.
22. jan. - 3. maí	<i>Erró – Bentu í austur, bentu í vestur</i> . Sýning úr Errósafni þar sem áherslan er lögð á málverk, prentverk og klippimyndir sem standa saman af myndrænum þáttum úr austrænni og vestrænni menningu. (Sýningarstjóri: Yean Fee Quay)
5. feb. - 10. maí	<i>Alfreð Flóki</i> . Sýning úr safneign þar sem gefið innsýn í þroskasögu listamannsins, m.a. með fjölda sjálfsmýnda. (Sýningarstjóri: Sjón)
19. mars - 17. maí	<i>Elín Hansdóttir</i> . Einkasýning listamannsins í sýningaröð þar sem varpað er ljósi á tengsl safnsins og almenningsrýmisins utan veggja þess.
28. maí - 23. ág.	<i>Arftakar Guðmundu</i> . Sýning á verkum íslenskra listakvenna sem hlotið hafa viðurkenningu úr listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur.
28. maí - út árið	<i>Frásagnarportrett Errós</i> . Á sýningunni verða teikningar, klippimyndir og málverk ásamt öðrum heimildum þar sem fram koma ýmislegt sem tengist samtímasögu, æviferli og hugmyndum vel þekktra einstaklinga. (Sýningarstjóri: Danielle Kvaran)
10. sept. - út árið	<i>Nara</i> . Innsetning japanska listamannsins Yoshitomo Nara í samvinnu við hóp japanskra hönnuða sem kallast „graf“.
3. sept. - 18. okt.	<i>Selected Frames</i> . Málverk af einstökum römmum úr kvikmyndum verða notuð til að skoða fagurfræði kvikmynda sem sjónlistamiðils. (Sýningarstjórar: Ari Alexander Ergis og Friðrik Þór)
Allt árið	<i>D11, 12, 13, 14</i> . Listasafn Reykjavíkur vekur athygli á efnilegum myndlistamönnum með sýningaröð í D-sal. Listamennirnir eiga það sameiginlegt að hafa ekki sýnt í stærri söfnum landsins áður. Þeir vinna allir verk sín sérstaklega fyrir salinn.

Viðburðadagatal Listasafns Reykjavíkur 2009

Kjarvalsstaðir	
10. jan. - 13. apríl	<i>Kjarval allur.</i> Öll málverk Kjarvals í eigu Listasafns Reykjavíkur sýnd í salon stíl í Austursal. (Sýningarstjóri: Helga Lára Þorsteinsdóttir)
24. jan. - 13. apríl	<i>Myndmál skáklistarinnar.</i> Sýning á skákborðum sem margir helstu listamenn 20. og 21. aldarinnar hafa hannað. (Sýningarstjórar: Larry List og Mark Sanders)
19. apríl - 1. maí	<i>Útskriftarsýning Listháskóla Íslands.</i> Sýning á lokaverkefnum nemenda á sviði myndlistar og hönnunar.
14. maí - út árið	<i>Kjarval – Lykilverk.</i> Sýning á helstu verkum Kjarvals í eigu Listasafns Reykjavíkur þar sem varpað er ljósi á feril listamannsins.
14. maí - 23. ág.	<i>Unuhús og East 57th Street.</i> Listahátíðarsýning sem varpar ljósi á feril Louisu Matthíasdóttur og Nínu Tryggvadóttur í íslensku menningarlífi stríðsáranna og síðar í listaheimi New York. (Sýningarstjóri: Hrafnhildur Schram.)
5. sept. - 1. okt.	<i>Vatnslitir í 100 ár.</i> Sýning sem rekur sögu íslenskrar málralistar með vatnslitamyndum margra helstu listamanna landsins síðan 1900.
28. okt. - út árið	Charles og Ray Emes. Sýning frá Vitra hönnunarsafninu í Weil am Rhein, Þýskalandi á verkum hönnuðanna Charles og Ray Emes.
Ásmundarsafn	
31. mars - 31. maí	<i>Ásmundur og samtíminn.</i> Samanburður á mismunandi áherslum í verkum Ásmundar Sveinssonar og verkum ungra listamanna sem vinna með sambærileg þemu.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Chaco

Me cago en la selva
cómo los monos
con sus dientes
perfectos y amarillos
sin tenerle miedo
a ningún tigre.

Viggo Mortensen




Leiðarljós

Ljósmyndasafn Reykjavíkur eflist sem ljósmyndasafn í alþjóðlegu samhengi og veki áhuga sem flestra á menningarlegu hlutverki ljósmyndarinnar.



Ljósmyndasafn Reykjavíkur





LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography



Ljósmyndasafn Reykjavíkur er til húsa í Grófarhúsi Tryggvagötu 15.

Hlutverk

Ljósmyndasafn Reykjavíkur skal varðveita ljósmyndir, glerplötur, filmur og skyggjur með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að ljósmyndum í eigu safnsins. Safninu er jafnframt ætlað að byggja upp og varðveita safn íslenskra ljósmynda sem varpa ljósi á sögu greinarinnar, skrá það, varðveita og sýna. Leitast skal við að afla myndasafna sem endurspeгла sem best íslenskan ljósmyndaarf, sem og myndefnis sem tengist Reykjavík.

Meginmarkmið

- Ljósmyndasafn Reykjavíkur sé öllum aðgengilegt.
- Safnið gegni hlutverki sínu á framúrskarandi hátt.
- Skipulag og stjórnun starfseminnar sé skýrt.
- Starfsemin einkennist af þrótti og metnaði.
- Ljósmyndir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna.
- Að tryggja örugga varðveislu safnkosts.

HELSTU VERKEFNI 2009

Litrík menning – lífandi borg

Eftir að Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ásamt Borgarbókasafni og Borgarskjalasafni, flutti í Grófarhús árið 2000 hefur stefnan í húsinu verið að allir hafi jafnan aðgang að þeim fjölbreytileika sem húsið hefur upp á að bjóða, óháð félagslegri stöðu og efnahag. Líður í þeirri stefnu er að ókeypis aðgangur hefur verið inn á sýningar Ljósmyndasafns Reykjavíkur ásamt því að sýningarbæklingar eru ókeypis.

Eitt af verkefnum ársins er að höfða sérstaklega til litríkrar menningar í borginni og verður áhersla lögð á það í sýningunni *Heima - Heiman* sem opnuð var á haustdögum 2008 og lýkur í janúar 2009. Sýningin gefur innsýn í líf flóttamanna og hælisleitenda sem komið hafa til Íslands á síðustu árum og áratugum. Nýtt starfsár hefst

Fjármál

Frumvarp 2009 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur -8.310

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 27.445

Innri leiga 5.819

Annar rekstrar-kostnaður 12.849

Rekstrarniðurstaða 37.803

Starfsmannafjöldi 2009

Heildarfjöldi starfsmanna 5

Fjöldi stöðugilda 5

www.ljosmyndasafnreykjavikur.is



með fyrirlestri þann 9. janúar um efnið þar sem kafað verður dýpra í aðstæður flóttamanna og hælisleitenda hér á landi. Jafnframt er ætlunin að sýningin fari um landið svo sem flestir fái innsýn í líf fólksins, auk þess sem skólahópar á landsbyggðinni fái tækifæri til að sjá sýninguna og vinna verkefni sem henni tengjast.

Innra starf

Á árinu 2009 verður lögð áhersla á að umpakka safni *Sigurhans E. Vignis* (1894-1975) í sýrulausar umbúðir, en safn hans samanstendur af myndum úr atvinnulífinu, umhverfi Reykjavíkur og frá Þjóðleikhúsinu. Einnig verður lögð áhersla á safn *Péturs Thomsens* (1910-1988) sem var konunglegur hirðljósmyndari og í safni hans má finna myndir af húsnæði og hönnun, stúdeó- og heimamyndatökur, myndir úr stjórnsýslunni, atvinnulífi og íþróttum.

Sýningar

Fyrsta sýning nýs árs er sýning á athyglisverðum verkum *Bjargeyjar Ólafsdóttur* myndlistarmanns. Um vorið verður sýningin *Ljósmyndir og hönnun*



unnin í samstarfi við hönnunardeild Listaháskóla Íslands, þar sem tengt verður á milli hönnunar og ljósmynda; munir hannaðir úr ljósmyndum, þannig að ljósmyndin verði leiðandi eða útgangspunktur í hönnuninni. Sýningin verður á dagskrá Listahátíðar 2009. Í október verður yfirlits-sýningin *Ma France* eftir ungversk-franska ljósmyndarann André Kertézs (1894-1985). Kertézs er einn af risum ljósmyndasögunnar sem með meistaraverkum sínum hefur sett svip á ljósmyndasöguna, og haft mikil áhrif á aðra ljósmyndara bæði samtíða og þá sem á eftir komu.

Í Skotinu verða sex til átta sýningar á árinu sem gefa okkur ólíka en fjölbreytta sýn á það sem ljósmyndin hefur upp á að bjóða. Stefnan þar er að gæta

jafnræðis á milli sýnenda, m.a út frá kynjahlutfalli. Það eru margir sem sækjast eftir að fá að sýna í Skotinu og komast færri að en vilja.

Fotostation

Haldið verður áfram að innleiða skráningar- og leitarkerfið Fotostation í borgarstofnanir. Mikilvægt er að samræma skipulag ljósmyndavarðveislu þannig að allar ljósmyndir séu vistaðar á sama hátt. Nú þegar hefur kerfið verið innleitt á Framkvæmda- og eignasviði, Skipulags- og byggingarsviði og unnið er að innleiðingu á Menningar- og ferðamálasviði.

Styrktarsjóðurinn

Markmiðið er að fyrsta styrkúthlutun úr *minningarsjóði Magnúsar Ólafssonar* (1962-1937) fari fram á árinu 2009, en sjóðurinn er eini sinnar tegundar hér á landi einungis ætlaður þeim sem vinna að ljósmyndun á Íslandi eins og kemur fram í stofnskrá sjóðsins. Minningarsjóðurinn var afhentur Ljósmyndasafninu af erfingjum Magnúsar Ólafssonar árið 2000 og hefur verið ávaxtaður síðan.

Tilnefningar til ljósmyndaverðlauna

Ljósmyndasafn Reykjavíkur mun leggja áherslu á að styrkja tengsl sín á erlendum vettvangi. Eins og undanfarin ár mun safnið halda sér í hópi þeirra evrópsku safna sem hafa verið beðin um að tilnefna ljósmyndara til alþjóðlegra ljósmyndaverðlauna. Þau eru meðal annars hin virtu *Hasselblad verðlaun* í Gautaborg og *Deutsche Börse Photography Prize* í The Photographers' Gallery í London. Ætlunin er að halda áfram að tilnefna íslenska ljósmyndara til *Henri Cartier-Bresson* verðlaunanna í París.

Erlend samskipti


Stefnt er að samstarfi við Ljósmyndasafn Noregs, *Preus*, um norræna ljósmyndasýningu. Einnig verður skoðað hvort hægt verði að mynda farveg fyrir ljósmyndahátíð í Reykjavík, *Reykjavík Fotofestival*, ásamt því að vinna að kostnaðargreiningu og mögulegri fjármögnun. Að sama skapi verður grunnur lagður að skrifum íslenskrar ljósmyndasögu, útgáfu hennar og yfirlitssýningu íslenskra ljósmynda. Stefnt er að þessu innan fimm ára.



Titel: ...
Künstler: ...



Titel: ...
Künstler: ...



Titel: ...
Künstler: ...



Titel: ...
Künstler: ...



Titel: ...
Künstler: ...



Titel: ...
Künstler: ...

Lykiltölur

	Raun 2006	Raun 2007	Útk.spá 2008	Áætlun 2009
Gestafjöldi	29.359	28.000	32.000	30.000
Skólanemendur í skipulögðum heimsóknum	644	500	700	1000
Fjöldi viðburða	17	12	14	15
Fjöldi afgreiddra mynda	1.936	2.021	2.100	2.000
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	2	4	3	3
Fjöldi innlita á heimasíðu	18.257	15.666	25.000	25.000

Sýningaáætlun Ljósmyndasafns Reykjavíkur 2009**Sýningarsalur**

17. jan. - 10. maí	Bjarney Ólafsdóttir
16. maí - 30. ágúst	Ljósmyndir og hönnun
28. feb - 10. maí	Pétur Thomsen -Thomsen &Thomsen *
21. nóv. - 23. jan. 2010	André Kertész, yfirlitssýning Ma France

Í Skotinu

15. jan. - 10. mars	Thomas Graics
12. mars - 5. maí	Keiko Kurita
7. maí - 30. júní	Harpa – Start Art
2. júlí - 25. ág.	Grégory Gerault
27. ág. - 20. okt.	Lisa Blatt
22. okt. - 15. des.	Stefán Steinn
17. des. - 10. feb. 2010	Laurent Friob

Annað:

Sýning: Mæðradagurinn, Willbefore Women, Minningarfyrirlestur Magnúsar Ólafssonar, Miðbæjargöngur, myndataka á Menningarnótt og viðburður á Vetrarhátíð.

Birt með fyrirvara um breytingar. * Með fyrirvara, háð styrkjum og sértekjum.



Leiðarljós

Að vera uppbyggjandi, fræðandi, leiðandi og skemmtileg alhliða menningarmiðstöð sem leggi áherslu á gott aðgengi að viðburðum og fræðslu á sviði menningar og lista.



Menningarmíðstöðin Gerðuberg



Menningarmiðstöðin Gerðuberg



Hlutverk

Menningarmiðstöðin Gerðuberg er alhliða menningarmiðstöð sem leggur áherslu á gott aðgengi fólks á öllum aldri að viðburðum og fræðslu á sviði menningar og lista.

Meginmarkmið

- Viðburðir af menningarlegum og/eða listrænum toga sem stofnunin stendur ýmist að sjálf eða í samstarfi við listamenn, samtök listamanna, menningarstofnanir hérlendis og erlendis eða fræðslu- og skólayfirvöld.
- Samstarfsverkefni sem ætla má að auki víðsýni og skilning og eru hluti af uppeldislegu hlutverki stofnunarinnar.
- Heimildasöfnun og útgáfa á sérritum og öðru efni tengdu starfseminni.
- Söfnun myndverka eftir börn sem byggja á listsmiðjum undir leiðsögn starfandi listamanna.

HELSTU VERKEFNI 2009

Litrik menning - lifandi borg

Dagskrá ársins fellur vel að yfirskrift sviðsins, en áherslan er einkum á fjölmenningu og barnamenningu. Helsta áherslubreytingin frá fyrra ári er lenging sýninga en um leið fjölgun minni viðburða og verkefna. Mikil áhersla verður lögð á fræðslu og leiðsagnir fyrir börn og unglunga. Helstu samstarfsaðilar á árinu verða *Alþjóðahús í Breiðholti*, *Jazzhátíð Reykjavíkur*, innlendir og erlendir listamenn, stofnanir og félagasamtök í Reykjavík og víðar á landinu.

Stærsta sýning á fyrri helmingi ársins er sýning ítalska ljósmyndarans *Cinzia D'Ambrosi* sem er búsett hér á landi. Hún hefur tekið myndir á stríðshráðum svæðum í Kosovo, sígaunaþorpum í Rúmeníu og af kínverskum námuverkamönnum. Á sýningartímanum mun Cinzia halda ljósmyndanámskeið fyrir unglunga og boðið verður upp á leiðsagnir um sýninguna.

Sýningin *Þetta vilja börnin sjá* verður á sínum stað og *Dimmalimm-verðlaunin* verða afhent fyrir bestu myndskreytingu ársins 2008.

Fjármál

Frumvarp 2009 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur -5.530

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 42.495

Innri leiga 18.100

Annar rekstrar-kostnaður 23.508


Rekstrarniðurstaða 78.573

Starfsmannafjöldi 2009

Heildarfjöldi starfsmanna 9

Fjöldi stöðugilda 6,1

www.gerduberg.is



Síðasta sýning vakti mikla athygli og var ómetanleg kynning fyrir barnabókarithöfunda, myndskreyta og forlög enda var hún sett upp á fimm stöðum á landinu á árinu 2008. Næsta sýning mun líklega fara svipaða hringferð um landið 2009.

Jazzhátíð Reykjavíkur er nýr samstarfsaðili Gerðubergs en hátíðin fagnar 20 ára afmæli í ágúst. Í tilefni þess verður ungu jazzlistafólki gert sérlega hátt undir höfði, fengnir verða erlendir kennarar og listamenn til að vera með vinnustofur og koma fram með ungu og upprennandi tónlistarfólki. Gerðuberg mun hýsa hluta hátíðarinnar og koma að skipulagningu hennar.

Haustið verður að miklu leyti helgað börnum. Sett verður upp sýning sem byggð verður á *norrænu goðafræðinni* í samstarfi við íslenska listamenn og jafnvel listnema. Boðið verður upp á skóla- og fjölskylduleiðsagnir og ýmsar upptakomur í tengslum við sýninguna. Farið verður í samstarf við *Möguleikhúsið* og boðið upp á leiksýningar fyrir börn. Á haustmánuðum verður haldið *Ritþing*.

Metnaður verður lagður í uppbyggingu samstarfsins við *Alþjóðahús* í Breiðholti til eflingar skapandi starfs í hverfinu. Lögð verður áhersla á að mynda tengsl við fulltrúa fjölmennustu þjóðahópanna og virkja þá til samstarfs. Auk þess verður hverfisandinn eflur enn frekar með *Hverfismarkaði* og *Handverkskaffi* sem hófst á haustmánuðum 2008. *Hverfismarkaðurinn* verður haldinn í maí, september og endar með jólaþema í desember. Haldnar verða sýningar í kaffihúsinu og stefnt er að því að hafa Handverkskaffið á eins til tveggja mánaða fresti þar sem boðið verður upp á stuttar kynningar á ýmis konar handverki, bæði innlendu og erlendu.

Starfsemi *Kvæðamannafélagsins Iðunnar* stendur í miklum blóma og fjöldi félagsmanna hefur aukist eftir að félagið flutti starfsemi sína í Gerðuberg.

Boðið verður upp á þrenna *klassíska hádegistónleika*. Listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar er Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari. Flytjendur eru allir þjóðþekktir tónlistarmenn og má þar nefna Áshildi

Haraldsdóttur, Gunnar Kvaran, Hönnu Dóru Styrmsdóttur, Pété Maté og Sigurbjörn Bernharðsson.

Gefin verða út á *prenti þing* sem haldin hafa verið í Gerðubergi á síðustu árum.

Unnið verður að markaðssetningu á myndverksafninu Gagn og gaman.

Starfsmannamál

Unnið verður að gerð rafrænnar starfsmannahandbókar, m.a. mótun reglna um móttöku nýrra starfsmanna, stefnu í símenntunarmálum og notkun og innsetningu efnis á innri vef Gerðubergs. Verkefnið verða unnin í samstarfi við yfirmenn og forstöðumenn sviðsins.

Félagsstarfið

Unnið verður að mótun samstarfs við Félagstarfið sem flyst í ársbyrjun 2009 á Velferðarsvið, samningurinn verður endurskoðaður að ári.

Kaffihúsið

Stefnt er að því að kaffihúsið verði komið í hendur sjálfstæðs rekstraraðila í ársbyrjun en það hefur verið rekið tímabundið af Gerðubergi frá því í júní 2008.

Ný heimasíða í nýju vefumsjónarkerfi

Unnið verður áfram að mótun og innsetningu efnis á nýja heimasíðu Gerðubergs sem opnuð verður um áramótin 2008-2009.

GoPro

Stefnt er að innleiðingu á GoPro skjalakerfinu en unnið hefur verið að uppbyggingu á nýju skjalakerfi í Gerðubergi í samstarfi við Borgarskjalasafn. Unnið er að setja upp gagnagrunn fyrir gestalista Gerðubergs og fleiri stofnana í samstarfi við UTM.

Ljósmyndir

Gerðuberg á í förum sínum mikið safn ljósmynda, bæði á pappír og stafrænu formi, sem þarfnast yfirferðar og flokkunar. Leitað verður eftir aðstoð sérfræðinga hjá Ljósmyndasafninu og skoðað verður hvort þörf sé á innleiðingu *Fotostation*.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg



Lykiltölur

	Raun 2006	Raun 2007	Útk.spá 2008	Áætlun 2009
Gestafjöldi	126.012	127.000	127.500	130.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	1.500	1.770	2.673	3.800
Fjöldi viðburða	36	33	27	26
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	1	1	1	1
Samstarfsaðilar	75	57	54	31

Í viðburðaáætlun er reynt að skapa rými svo unnt sé að bregðast við óskum um þátttöku í samstarfsverkefnum sem falla vel að meginmarkmiðum, hlutverki og leiðarljósi Gerðubergs.

Viðburðardagatal Gerðubergs 2009

Janúar	<i>Petta vilja börnin sjá!</i> Myndskreytingar úr íslenskum barnabókum frá 2008
	<i>Dimmalimm</i> – Íslensku myndskreytiverðlaunin afhent fyrir bestu myndskreyttu bókina árið 2008
	<i>Ungblind</i> – Ljósmyndasýning Björns Sigurjónssonar. Portret af blindum ungmennum. (nóv-jan)
	<i>Utan-garðs</i> . Málverkasýning Halldóru Helgadóttur (nóv-jan)
Febrúar	<i>Heimisdagur barna</i> á Vetrarhátíð. Fjölbreyttar listsmiðjur og uppákomur fyrir barnafjölskyldur.
	Námskeið í gerð öskupoka og bolluvanda. Í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands.
	<i>Öskudagsball</i> í Gerðubergi í samstarfi við félagsmiðstöðina Miðberg.
	<i>Klassík í hádeginu</i> – Tónleikaröð 2008-2009. Listrænn stjórnandi: Nína Margrét Grímsdóttir. Tvennir tónleikar í febrúar og mars.
Mars	<i>Ljósmyndasýning Cinziu D'Ambrosi</i> frá stríðshrjáðum svæðum í Kosovo, sígaunþorpum í Rúmeníu og af kínverskum námuverkamönnum.
	<i>Ljósmyndanámskeið</i> fyrir unglinga í tengslum við sýningu Cinziu D'Ambrosi

Viðburðardagatal Gerðubergs 2009

Apríl	Barnabókaráðstefna í samstarfi við IBBY á Íslandi, Síung, Skólasafnamiðstöð Reykjavíkur, Borgarbókasafn Reykjavíkur, Upplýsingu og Félag skólabókavarda
	Möguleikhúsið. Leiksýningar fyrir börn
Maí	Hverfismarkaður í samstarfi við Alþjóðahús og íbúa í Breiðholti
Júlí	Lokað vegna sumarleyfa starfsmanna.
Ágúst	Ungjazz - á Jazzhátíð Reykjavíkur. Vinnustofur fyrir unga tónlistarmenn og tónleikar.
September	Sýning fyrir börn og unglunga sem byggir á norrænu goðafræðinni. Leiðsagnir fyrir börn og fjölskyldur þeirra ásamt ýmsum uppákomum á sýningartímanum.
	Breiðholtshátíð. Á dagskrá m.a. Hverfismarkaður í samstarfi við Alþjóðahús og íbúa í Breiðholti
Október	Ritþing í Gerðubergi.
Desember	Jólahverfismarkaður í samstarfi við Alþjóðahús og íbúa í Breiðholti
<p>Allt árið: Ýmis verkefni í samstarfi við Alþjóðahúsið; Heimanámskaffi fyrir 10. bekkinga, alþjóðlegir foreldramorgnar og ýmislegt fleira. Dagskráin verður kynnt nánar í byrjun árs 2009. Kvæðamannafélagið Iðunn – Mánaðarlegar kvæðalagaæfingar og félagsfundir. Sýningar í kaffihúsi Handverksskaffi verður haldið á eins til tveggja mánaða fresti í kaffihúsinu. Haldnar verða stuttar kynningar og/eða sýnikennsla á ýmis konar handverki, bæði innlendu og erlendu.</p>	

*Allir viðburðir Kvæðamannafélagsins Iðunnar eru opnir almenningi.

Birt með fyrirvara um breytingar.




Leiðarljós

Minjasafn Reykjavíkur safnar, varðveitir og rannsakar menningarminjar í Reykjavík og miðlar þekkingu um sögu borgarinnar og lífskjör íbúa frá upphafi byggðar til líðandi stundar



Minjasafn Reykjavíkur





Hlutverk

Að stuðla að varðveislu menningarminja í Reykjavík með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að menningararfi borgarinnar. Sýningar safnsins eru í *Árbæjarsafni* og *Landnámssýningunni Reykjavík 871+-2*.

Meginmarkmið

- Að rannsaka sögu og þróun Reykjavíkur út frá fornleifum, byggingum og lausum gripum.
- Að miðla þekkingu um sögu borgarinnar, með sýningum, útgáfu og fræðslustarfi.
- Að hafa umsjón og eftirlit með menningarminjum í Reykjavík.
- Að halda skrá yfir menningarminjar í Reykjavík; munaskrá, fornleifaskrá og húsaskrá Reykjavíkur.

HELSTU VERKEFNI 2009

Litrík menning - lifandi borg

Verkefni ársins 2009 miða að því að efla enn frekar þá þætti í starfi safnsins sem höfðu til breiðs hóps gesta, barna jafnt sem fullorðinna af sem fjölbreyttustum menningarlegum uppruna. Í Árbæjarsafni og á Landnámssýningunni eiga fjölskyldur jafnt sem aðrir gestir að geta notið samvista í hvetjandi umhverfi. Áhersla verður á að ná til nýrra hópa en jafnframt að hlúa að tryggum vinum safnsins.

Haldið verður áfram með verkefnið í Landnámssýningunni, *Landnám fyrr og nú*, sem er ætlað grunnskólanemendum af erlendum uppruna, en það er unnið í samstarfi við Alþjóðahúsið.

Önnur megináhersla í starfi safnsins verður á verkefni sem lúta að *innra starfi*; söfnun, skráningu og varðveislu safngripa og heimildasafna, endurbótum á safnhúsum og öryggismál.

Á árinu 2008 var lokið við endurgerð hússins *Landakots* og opnuð *sýningin Komdu að leika*, sem höfðar til barna á öllum aldri og uppruna og byggir á þátttöku þar sem öll skilningarvit eru virkjuð.

Fjármál - Minjasafn

Frumvarp 2009 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur -11.235

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 78.535

Innri leiga 27.397

Annar rekstrar-kostnaður 42.445

Rekstrarniðurstaða 137.142

Starfsmannafjöldi Minjasafn 2009

Heildarfjöldi starfsmanna 36

Fjöldi stöðugilda 15,3

www.minjasafnreykjavikur.is

Meginmarkmið sýningarinnar er að efla samkennd og auka umburðalyndi gegnum leiki og benda á að bæði í fortíð og nútíð erum við öll bæði lík og ólík, og að aðstæður og umhverfi barna fyrr og nú er bæði síbreytilegt og fjölbreytt. Ýmis ný verkefni tengd sýningunni verða á dagskrá á árinu.

Í áhættumati sem lokið var við í ársbyrjun 2008 eru skilgreind *umbótaverkefni* sem unnið verður að á árinu 2009. Þau lúta að því að styrkja rekstur safnsins, skýra áherslur í starfsemi í samræmi við hlutverk safnsins og endurskoða stefnu safnsins. Ennfremur að bæta varðveisluskilyrði safngripa og safnhúsa í Árbæjarsafni.

Öryggiskerfi í Árbæjarsafni verða endurnýjuð, bæði innbrota- og brunaviðvörðunarkerfi og lokið við öryggisáætlun, þar sem meginmarkmið er að tryggja öryggi safnhúsa, safngripa, gesta og starfsmanna.

Unnið er að **endurskoðun á deiliskipulagi** fyrir Árbæjarsafn og er stefnt að því að leggja fram tillögu á fyrri hluta ársins. Þar er meðal annars gert ráð fyrir svæði fyrir bragga og nýju þjónustuhúsi.

Fræðslustofa sem er hluti af sýningunni *Húsagerð höfuðstaðar* var opnuð vorið 2008. Þar er veitt ráðgjöf um viðhald og varðveislu eldri húsa. Verkefnið er unnið í samstarfi við Húsafríðunarnefnd og Iðu – fræðslusetur og verður gert átak til að kynna starfsemina með útgáfu bæklinga og vef.

Söfnun og varðveisla safngripa sem varpa ljósi á sögu Reykjavíkur og daglegt líf fólksins í borginni er eitt helsta hlutverk safnsins og verður sérstaklega hlúð að þessum mikilvæga þætti safnastarfsins með sérstöku skráningarátaki og nýjum vef.

Koffortið, opin safngeymsla, er ein leið til að auka aðgengi almennings að safnkostinum. Á árinu verður Koffortið gert enn aðgengilegra með nýjum vef þar sem verða bæði ljósmyndir og upplýsingar um áhugaverða gripi. Þannig getur fólk heima í stofu kynnst safnkosti Minjasafns Reykjavíkur og fræðst um grunnatriði safnastarfsins. Um leið getur almenningur aukið þekkingu á safnkostinum með því að senda inn upplýsingar um einstaka gripi.

Safnið tekur þátt í **þróun á Sarpi** - menningarsögulegum gagnagrunni, í samstarfi við Þjóðminjasafnið og önnur minjasöfn. Eitt af meginverkefnum ársins 2009 er að flytja eldri safnskrár yfir í Sarp og að undirbúa gögnin fyrir flutning í nýjan grunn, muna-, fornleifa og húsaskrá. Markmiðið er að gagnagrunnur um menningarminjar verði aðgengilegur á vefnum.

Minjasafn Reykjavíkur er aðili að **NORSAM**, stýrihópi um samtímasöfnun og rannsóknir á norrænum söfnum. Stefnt er að því að ýta úr vör sameiginlegu rannsóknarverkefni sem varpar ljósi á lífshætti almennings á Norðurlöndum nútímans. Verkefnið fjallar um brauð og brauðmenningu og mun gefa tækifæri til að bera saman daglegt líf og lífnaðarhætti mismunandi þjóðfélagsþópa á Norðurlöndunum. Verkefnið er einnig hugsað sem tækifæri til að þróa rannsóknaraðferðir við samtímasöfnun og prófa nýjar aðferðir við miðlun.

Grunnur að stofnun Minjasafns Reykjavíkur árið 1954 var lagður



Fjármál - Landnámssýningin

Frumvarp 2009 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur -13.200

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 14.586

Innri leiga 30.904

Annar rekstrar-kostnaður 22.168

Rekstrarniðurstaða 54.458

Starfsmannafjöldi Landnámssýningin

Heildarfjöldi starfsmanna 5

Fjöldi stöðugilda 2,7

www.reykjavik871.is

Minjasafn Reykjavíkur



Þegar Reykjavíkurbær keypti **safn mynda eftir Jón Helgason** biskup. Myndirnar lýsa þróun byggðar í Reykjavík og eru þær með mestu verðmætum safnsins. Myndirnar þarfnast viðgerða og nauðsynlegt er að fá forvörð til að meta ástand myndanna og gera áætlun um forvörðslu þeirra, og eins er nauðsynlegt að bæta varðveisluskilyrði þeirra. Um leið gefst tækifæri til að ljósmynda öll verkin og gera aðgengileg bæði almenningi og fræðimönnum.

Safnhús- og svæði í Árbæjarsafni

Áfram verður unnið að endurbótum á Smiðshúsi en þær miða að því að færa húsið, sem er elsta húsið á safnsvæðinu, nær sínu upprunalegu útliti. Mótuð verður stefna um endurgerð innanhúss á grundvelli áframhaldandi byggingarsögulegra rannsókna á innviðum þess.

Hafnarsvæði neðan við Kornhúsið. Í allmörg ár hefur verið á dagskrá að gera settjörn vegna vatnsverndar Elliðaá. Orkuveita Reykjavíkur mun sjá um gerð tjarnarinnar en samhliða verður unnið að frágangi á svæðinu.

Aðalbjörg RE 5. Unnið hefur verið mat á ástandi skipsins sem leiddi í ljós að ekki má bíða mikið lengur að hefja endurbætur á því. Leitað verður samstarfs við Sjóminjasafnið um það brýna verkefni að tryggja varðveislu skipsins sem á sér afar merkilega sögu.

Minjavarsla

Unnið verður í því að bæta gagnagrunna og tengingar við vefinn, með það að markmiði að auka aðgengi að upplýsingum um menningarminjar á vef safnsins og í Borgarvefsjá.

Helstu verkefni á sviði fornleifaverndar eru rannsóknir á *fornleifum í miðbæ Reykjavíkur* vegna byggingarframkvæmda í Kvosinni. Áhersla verður lögð á fornleifaskráningu samhliða slíkum rannsóknum.

Húsakannanir verða áfram unnar í tengslum við gerð deiliskipulags í eldri hverfum borgarinnar. Unnið er að endurskoðun húsverndarstefnu Reykja-

víkur og verða verkefni á því sviði unnin í samræmi við endurskoðaða stefnu eins og tilefni gefst til.

Áfram verður unnið að **varðveislu menningarminja í borgarlandinu**, með skráningu, rannsóknum og miðlun.

Gröndalshús. Árið 2006 keypti Reykjavíkurborg, f.h. Minjasafns Reykjavíkur, húsið að Vesturgötu 16B til flutnings í Árbæjarsafn. Eftir samþykkt borgarstjórnar í ársbyrjun 2007 um að kannað væri hvort mögulegt væri að finna húsinu stað í miðbænum hefur verið leitað að lóð fyrir það í Grjótaþorpi. Ekki hefur enn verið leitt til lykta hvert húsið verður flutt en Minjasafnið mun vinna að varðveislu þess á nýjum stað.



Lykiltölur

	Raun 2006	Raun 2007	Útlk.spá 2008	Áætlun 2009
Gestafjöldi	74.000	64.000	70.000	70.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	14.000	9.000	15.000	12.000
Fjöldi viðburða	50	50	50	50
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	2	2	4	4
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	43	43	43	43
Fjöldi útgáfuverka	15	10	10	10
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	1.871	1.930	1.980	2020
Fjöldi skráðra húsa í húsakönnunum	102	71	178	80
Aðföng: Fjöldi skráðra safngripa	500	600	300	300

Viðburðadagatal Minjasafns 2009	
Febrúar	<i>Safnanótt. Viðburðir í Árbæjarsafni og Landnámssýningu.</i>
Júní - ágúst	Sumardagskrá í Árbæjarsafni.
	<i>Sunnudagsviðburðir.</i>
	Sérsýning. Opnun.
	Listmunahornið. Sýningar á listhandverki.
	Örnámskeið fyrir fjölskyldur.
	Kvöldgöngur úr Kvosinni.
	<i>Viðburður á Menningarnótt.</i>
September	Landnámssýning. Lífið á landnámsöld. Sérsýning.
Nóvember	Jólasýning í Árbæjarsafni opnuð fyrir skólanema.
Desember	Jólasýning í Árbæjarsafni.

Birt með fyrirvara um breytingar.



Leiðarljós

Viðey eflist sem menningarstofnun og áfangastaður sem leggur áherslu á fræðslu um menningu, sögu og náttúru eyjunnar. Viðey verði einn af eftirsóknarverðustu áfangastöðum borgarlandsins, en þar eru merk hús, minjar og listaverk í náttúrlegu umhverfi.



Vidēy

Viðey



Meginmarkmið

- Gera Viðey að aðlaðandi og áhugaverðum áfangastað.
- Veita gestum innsýn í sögu, menningu og list í eynni.
- Starfsemin einkennist af nýsköpun, metnaði og þrótti.

HELSTU VERKEFNI 2009

Litrík menning - lifandi borg

Helstu verkefni ársins 2009 miða að því að efla Viðey enn frekar sem eftirsóknarverðan áfangastað Reykvíkinga sem og ferðamanna innlendra og erlendra. Litrík viðburðadagskrá mun höfða til gesta á öllum aldri, þar sem sögu og menningu verður fléttað á skemmtilegan hátt við náttúruperluna Viðey.

Árið 2008 var fyrsta heila starfsárið eftir að samningur var gerður við Hvalaskoðun ehf. vegna ferjusiglinga, veitingarekstrar, afþreyingar og annarrar þjónustu í Viðey. Boðið var upp á vetrarsiglingar í fyrsta skipti allar helgar samhliða opnun í Viðeyjarstofu. Áfram verður unnið í nánú samstarfi við Hvalaskoðun ehf. að því að efla og þróa þjónustu við gesti Viðeyjar. Hvalaskoðun mun halda áfram samvinnu við Strandveiðifélag Reykjavíkur um strandveiðikeppni í Viðey og að auki mun gestum standa til boða að taka á leigu strandveiðistangir og veiða í fjörum Viðeyjar. Spannandi nýjungar verða kynntar á vordögum.

Haldið verður áfram að vinna að bættu aðgengi fyrir fatlaða í samvinnu við Faxaflóahafnir, Hvalaskoðun, Framkvæmda- og eignasvið og aðra hagsmunaaðila.

Í samvinnu við Umhverfis- og samgöngusvið borgarinnar verður unnið markvisst að því að bæta vega- og stígakerfi í Viðey og gera það auðveldara yfirferðar.

Stefnt er að því að hefja undirbúning að byggingu nýs móttöku- og fræðsluseturs sem mun koma í stað Viðeyjarnausts og stórbæta alla aðstöðu til móttöku og fræðslu skólahópa og annarra gesta allt árið um kring. Auk þess verði þar aðstaða til að halda fræðslufundi og

Fjármál

Frumvarp 2009 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur -3.218

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 7.139

Innri leiga 19.105

Annar rekstrar-
kostnaður 36.816

Rekstrarniðurstaða 59.842

Starfsmannafjöldi 2009

Heildarfjöldi starfsmanna 2

Fjöldi stöðugilda 1,3

www.videy.com



ráðstefnur og byggja starf og viðburði á friðarboðskap í anda listaverks Yoko Ono, Imagine Peace Tower.

Alþjóðlegu sjálfbóðaliðasamtökin SEEDS hafa síðustu tvö sumur komið að ýmsum verkefnum í Viðey og má þar helst nefna fjöruhreinsun og lagfæringu stíga ásamt ýmsum viðhalds- og umhverfisverkefnum. Sumarið 2009 er stefnt að áframhaldandi samstarfi við SEEDS.

Fjölbreytt viðburðadagskrá verður í boði í Viðey og má þar helst nefna:

Vorjafndægur. Kveikt verður á listaverkinu *IMAGINE PEACE TOWER* eftir Yoko Ono í eina viku. Af því tilefni verða skemmtilegir og táknrænir viðburðir með áherslu á friðarboðskap, fjölmenningu og fjölskylduna.

Sumaráætlun og sumardagskrá 2009 verður kynnt með hátíðarhöldum í Viðeyjarstofu í byrjun maí 2009. Árið 2008, á 20 ára afmæli endurreisnar Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju, var hafist handa við endurnýjun húsbúnaðar í Viðeyjarstofu og mun þeirri vinnu verða lokið á vormánuðum 2009 áður en sumaráætlun hefst. Í samvinnu við Minjasafn Reykjavíkur verða opnaðar tvær nýjar sýningar í Viðey. Annars vegar nýstárleg gagnvirk sýning þar sem *fornleifauppgrefti sem framkvæmdur var í Viðey á árunum 1986 til 1995* verður gerð skil og niðurstöður rannsókna gerðar almenningi sýnilegar í fyrsta skipti. Hins vegar verður *sögusýning í*

skólahúsinu endurgerð og færð í nútímalegan búning.

Viðeyjarhátíð er fjölmennasti viðburðurinn í sumardagskrá Viðeyjar. Árið 2008 var hátíðin haldin fyrr en undangengin ár eða um Jónsmessuna og verður hátíðin haldin með sama sniði um miðjan júní 2009.

Þriðjudagsgöngur hafa fest sig í sessi sem vel sótt afþreying og fræðsla. Auk hinna vinsælu föstu liða eins og fugla-, sögu, listaverka- og kúmengöngu verður að auki boðið upp á þriðjudagsgöngur með nýju sniði sem munu vafalaust koma skemmtilega á óvart.

9. október ár hvert er kveikt á listaverki Yoko Ono, Friðarsúlunni *IMAGINE PEACE TOWER*. Dagurinn er fæðingardagur John Lennon og er Friðarsúlan reist í minningu hans. Kveikt verður á Friðarsúlunni 30 mínútum eftir sólsetur dag hvern og logar hún til miðnættis 8. desember - dánardags John Lennon. Sérstakar kvöldferðir ásamt viðburðum og fræðslu, sem tengjast listaverkinu og friðarboðskap þess verða í boði og kynnt sérstaklega. Þá er einnig kveikt á listaverkinu um áramót og á vorjafndægum.

Að auki má nefna *fjölskyldu- og barnadag, sunnudagspistla, töðugjöld, Haustfagnað Viðeyingafélagsins* og *aðventu* í Viðey. Þá tekur Viðey einnig þátt í *Vetrarhátíð, Ferðalangi* og *Menningarnótt*.



Viðey



Lykiltölur

	Raun 2006	Raun 2007	Útk.spá 2008	Áætlun 2009
Gestafjöldi	11.565	16.235	19.500	23.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum		1.473	1.306	1.600
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	1	2	2	2

Viðburðadagatal Viðeyjar 2009

	Vorjafndægur
	Sumardagskrá 2009
	Þriðjudagsgöngur
	Viðeyjarhátíð
9. október	Friðarsúlunni IMAGINE PEACE TOWER

Viðauki

Helstu verkefni 2008



Barnvæn menning – betri borg var yfirskrift Menningar- og ferðamálasviðs árið 2008. Með því endurspeglaði sviðið lykilþætti í menningarstefnu Reykjavíkur-borgar og mikilvægi þess að hugað sé markvisst að börnum og ungu fólki við mótun stefnu og framkvæmd í menningarmálum. Á bak við yfirskriftina lá sú sannfæring að barnvæn menning, sem virðir að verðleikum opin huga, sköpunargleði og fróðleiksþorsta barna – stuðli að betri borg. Fjölbreytt menningarlegt uppeldi og listfræðsla barna leggja grunninn að framtíðarmenningu borgarinnar. Yfirskriftin endurspegladist í starfssemi allra stofnana sviðsins og styrkveitingum til menningarverkefna auk áherslu á fjölskylduvænni borg í kynningu á Reykjavík sem áfangastað.

Skrifstofur sviðs

- **Kvikmyndaborgin Reykjavík** er verkefni sem samþykkt var í borgarráði í ársbyrjun og falið sviðinu. Höfuðborgarstofa tók að sér þann hluta sem tengist samstarfi og upplýsingagjöf en skrifstofan gerð þrihliða samnings með menntamálaráðuneyti við Alþjóðlega kvikmyndahátíð með verulegri hækkun vegna árána 2008-2010 og aðkomu kvikmynda að endurgerðu Tjarnarbíói.
- **Tjarnarbíói.** Í samvinnu við Framkvæmdasvið var hafin vinna við endurgerð Tjarnarbíós með þarfir sjálfstæðra leikhópa og kvikmyndasýninga í huga.
- **Íslandskynningin Iceland – On the Edge** var haldin í Brussel. Menningar- og ferðamála-hluti hátíðarinnar var unnin í samstarfi við menntamálaráðuneytið og utanríkis-ráðu-neytið. Þar var fjöldi íslenskra listviðburða og sýning á Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu.
- **Grásleppuskúrar við Grímsstaðarvör** voru endurgerðir ásamt umhverfi þeirra, en verkinu er ólokið.
- **Varðveislusetur menningarminja.** Unnin var þarfagreining og forsögn að sameiginlegri safngeymslu menningarstofnana borgarinnar og þjónustuhúsi sem fullnægi bæði varðveislu og þjónustu við safnkost og nýjótendur hans næstu 10 árin með möguleikum á stækkun.
- **Menningarmerkingar.** Haldin var fyrst opin og síðan lokuð samkeppni um samræmt útlit menningarmerkinga í borginni og hlaut Finnur Malmquist verðlaun í þeirri síðarnefndu. Menningar- og umhverfis-merkingar voru settar upp á vegum sviðsins.
- **Þórarinn Eldjárn** var útnefndur borgarlistamaður
- **Kammersveitin Ísafold** var valin Tónlistarhópur Reykjavíkur árið 2008.
- Magnús Sigurðsson hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2008
- Samstarfssamningur gerður um íslensku leiklistarverðlaunin **Grímuna** vegna árána 2008-2010.
- Samstarfssamningur gerður við **Bókmenntahátíð í Reykjavík** vegna árána 2008-2010.
- **Samstarfssamningar** í lista- og menningarlífinu auglýstir árlega frá 2008 vegna komandi ára, þar sem nokkrir samningsaðilar vegna árána 2007- 2009 völdu aðeins tvö ár.
- **Talía** – loftbrú fyrir sviðslistamenn lauk göngu sinni í árslok 2008.

Starfsmannamál

- Sameiginlegir fræðslufundir með áherslu á starfsþróunarsamtöl og starfsþróunaráætlanir voru haldnir fyrir alla starfsmenn og stjórnendur sviðsins.

- Heilsuefning starfsmanna gefinn gaumur með skemmtilegri og fræðandi dagskrá á vordögum
- Vika vistaskipta haldin í annað sinn, en þar kynna starfsmenn sér aðra starfssemi á sviðinu en þeir vinna að daglega. Uppskeruhátíð var haldin í lok vistaskiptavikunnar.
- Aukin upplýsingagjöf á sameiginlegum innri vef og með mánaðarlegur fréttabréfi.

Stofnanir sviðs

Á árinu 2008 fjölgaði verulega þeim gestum sem nýttu sér þjónustu sviðsins og má ætla að með því hafi stofnanir styrkt sig enn frekar í sessi.

Höfuðborgarstofa

- **Think of a Family Break** er bæklingur um fjölskylduvæna borg sem gefinn var út. Þar eru hinir fjölmörgu fjölskylduvænu þættir í borginni settir í öndvegi og leika sundlaugarnar, útivist, afþreying og náttúra í og við nágrenni borgarinnar stórt hlutverk. Söfnin á höfuðborgarsvæðinu fá einnig gott pláss enda bjóða þau úrvals aðstöðu fyrir barnafjölskyldur.
- **Snertiskjár** var tekinn í notkun í kynningarskyni undir merkjum Reykjavík Capital Area fyrir höfuðborgarsvæðið. Á skjánum getur fólk fengið góða yfirsýn yfir afþreyingu og ferðamöguleika á svæðinu öllu og leitað sér nánari upplýsinga í kjölfarið.
- Nýtt útlit var hannað fyrir **Gestakort Reykjavíkur** og kortinu gefið nýtt nafn á ensku; Reykjavík Welcome Card.
- **Aðalráðstefna samtakanna IFEA** – International Festivals and Events Association var haldin í fyrsta sinn í Reykjavík. Ráðstefnuna sóttu á annað hundrad manns bæði innlendir sem erlendra aðila sem standa að hátíða og viðburðahaldi víðsvegar um heim.
- Reykjavík gerist þátttakandi að landkynningarverkefninu **Iceland Naturally** í Bandaríkjunum.
- **Sýning á uppfinningum Leonardo da Vinci** var sett upp í húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur í samstarfi við Menntasvið, Leikskólasvið og OR.

Borgarbókasafn Reykjavíkur

- **Sögubíllinn Æringi** litli bróðir bókabílsins Höfðingja, var vígður 22. febrúar Æringi. Hann hafði sjö fyrstu mánuðina heimsótt rúmlega 70 leikskóla í borginni. Í júlí og hluta af ágúst var Æringi í Minjasafni Reykjavíkur, Árbæjarsafni. Þúsundir barna hafa komið í bíllinn og hlustað á sögur þessa fyrstu mánuði, bæði við leikskóla og annars staðar t.d. í tengslum við ýmsar hátíðir. Ráðinn var verkefnastjóri sögubíls síðla árs 2007. Óhætt er segja að þessi nýjung hafi slegið í gegn. Bíllinn er skreyttur að utan með ævintýrlegum myndum Brians Pilkington. Hekla, innflytjandi bílsins og Þróunarsjóður leikskólaráðs styrktu þessa nýjung.
- **Sólheimasafn** varð bjartara, opnara og rúmbetra en áður. Í tengslum við nauðsynlegt viðhald á húsnæði safnsins var svæði fyrir gesti endurskipulagt. Sjálfsafgreiðsluvél blasir nú við gestum, þjónustuborð hefur verið minnkað og fært til hliðar. Lítið leskaffi er við hlið anddyris. Við þessa breytingu er eins og safnið hafi stækkað um tugi fermetra. Bókabíllinn Höfðingi stóð við Sólheimasafn meðan það var lokað vegna breytinganna og þjónaði gestum safnsins.
- **Tón og mynddeild** í aðalsafni var endurskipulögð árið 2007 og svæði fyrir gesti stækkað. Lítil sýningaraðstaða bættist við 2008.
- **Sjálfsafgreiðsla** var komin í árslok í öll söfnin nema Seljasafn og bókabíl. Þó að sjálfsafgreiðsla gangi vel virðist vera nokkuð langt í land með að hún verði 90% eins og stefnt var að á árinu 2008.
- **Fjölmennningarleg verkefni.** Í byrjun árs var ráðinn til safnsins verkefnastjóri fjöl-mennningar í 50% starf. Ásamt barnabóka-vörðum safnsins og öðrum hleypti hann af stokkunum mörgum verkefnum og viðburðum. Stofnanir sviðsins hafa með sér teymi um fjölmenningu og hefur það sett sér markmið.
- **Grafarvogssafn.** Í september var undirritað samkomulag um rekstur þjónustu- og menningarmiðstöðvar í Spönginni. Þangað flyst hverfissafn Grafarvogs. Í húsinu mun blandast saman ólík starfsemi fyrir alla aldurshópa.
- **Nýir viðburðir og dagskrár** sem heppnuðust vel á árinu verða gerðir að föstum liðum. Má þar nefna *Sólarhátíð* á sumardaginn fyrsta, en þessi hefðbundna barna- og fjölskylduhátíð er nú með

Helstu verkefni 2008

fjölmenningarlegu ívafi. Að þessu sinni tóku 5 þúsund börn viðs vegar á landinu þátt í því að velja *Bók barnanna*, en úrslit voru samkvæmt venju kynnt á sumardaginn fyrsta. *Heimsdagurinn* í samstarfi við Menningarmiðstöðina Gerðuberg festist í sessi. *Hverfisgöngur* urðu viðbót við göngur í miðbænum. *Ljóðaslamm* á Vetrarhátíð gekk vel, en það er flutningur frumsamans ljóðs eða ljóða þar sem áherslan er ekki síður á flutninginn en ljóðin sjálf. Í ár var þemað spennu og gat ungt fólk frá 13 ára aldri tekið þátt. Fjórtán keppendur tóku þátt í ár.

Listasafn Reykjavíkur

- **Á árinu var áhersla lögð á tengsl safnsins útávið.** Með gjaldfrjálsum aðgangi, lengdum opnunartíma á fimmtudagskvöldum og víðtækari viðburðadagskrá tókst að gera safnið aðgengilegt fyrir breiðari markhóp og auka aðsókn.
- **Meðal nýjunga í þjónustu við börn og fjölskyldur** var margmiðlunarefni um Ásmund Sveinsson, ný aðstaða fyrir börn í Hafnarhúsi, endurmenntunarnámskeið fyrir kennara, sumarnámskeið fyrir börn og sýningar með fræðsludagskrá um myndlist í skólum borgarinnar.
- **Listasafnið stóð fyrir þremur sýningum á Listahátíð í Reykjavík.** Aðaláhersla hátíðarinnar var á myndlist og flaggskip hennar var alþjóðleg sýning í Hafnarhúsi, *Tilraunamarabon*, sem var jafnframt stærsta sýningarverkefni sem íslenskt safn hefur tekið sér fyrir hendur. Á Listahátíð á Kjarvalsstöðum var stór innsetning eftir landslagarkitektinn *Martha Schwartz* og sýning á verkum *ungra íslenskra myndlistamanna*, sem var einnig sýnd á Íslandskynningu á Bozar listasafninu í Brussel. Meðal annarra sýninga á árinu voru stórar yfirlitssýningar á list *Braga Asgeirssonar* og færeyska málaraans *Mikines*.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

- **Ljósmyndanámskeið** var haldið fyrir börn, þar sem kennt var gamalt og sígilt ljósmyndahandverk. Búin var til myndavél úr kassa (pinhole) og útbúin mynd með bláþrykksaðferð (cyano-type) en sú aðferð var mikið notuð á árunum 1880-1920.
- **Breytingar á safnbúðinni** voru gerðar með það í huga að auka söluna. Rýmið var endurskipulagt og vöruúrval aukið svo sem með ljósmyndabókum, tilbúnum ljósmyndum, smávöru og enn fleiri tegundum póst- og gjafakorta með myndum úr safneign.
- **Af athyglisverðum sýningum safnsins** ber helst að geta sýninganna *Flicker-flakk heljarstökk*, sem náði mikilli athygli og aðsókn meðal ungs fólks, og sýningu með verkum *Viggo Mortensen* sem hlaut metaðsókn, mikinn áhuga fjölmiðla og náði einnig inn á vefmiðilinn youtube.com.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg

- **Opnun Alþjóðahúss í Breiðholti.** Gerðuberg og Alþjóðahúsið undirrituðu samstarfs-samning til eins árs um eflingu menningar og frístundastarfs fyrir íbúa af erlendum uppruna.
- **Hið breiða holt** var sýning ljósmynda sem unnar voru í samstarfi myndlistarmanns, unglunga og eldri borgara í Breiðholti. Nafn sýningarinnar vísar til þess breiða bils eða holts sem stundum er á milli kynslóðanna sem og fjölbreytileika Breiðholtsins.
- **Öskudagsball** og námskeið í öskupokagerð. Tekin var upp gömul hefð í Gerðubergi og Öskudagsballið endurvakið í samstarfi við félagsmiðstöðina Miðberg. Jafnframt var haldið námskeið í gerð öskupoka í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands sem mæltist vel fyrir.
- **Stefnumót við safnara III** var hljómfagurt stefnumót tónlistarfólks og hljóðfærasafnara. Fjölbreyttir og áhugaverðir sýningargripir og tónðæmi færðu gesti inn í margslunginn og ævintýralegan heim tónlistarinnar. Í kjölfarið var sett upp Safnarahorn þar sem söfnurum er gefinn kostur á að sýna árið um kring.
- **Sjónþing og yfirlitssýning var um Steinu** - Steinunni Briem Bjarnadóttur Vasulka handhafa heiðursverðlauna Sjónlistar 2008. Hún er einn af frumkvöðlum í notkun video-tækni í myndlist og á meðal virtustu listamanna á því sviði á heimsvísu.
- **Tónleikaröðin Klassík í hádeginu** hófst um haustið í samstarfi við Ninu Margréti Grímsdóttur, píanóleikara.. Fimm hádegistónleikar verða mánaðarlega í Gerðubergi og Von, tónleikasal SÁÁ og gefst gestum kostur á að snæða hádegisverð fyrir eða eftir tónleikana.

- **Bókakynning „skrifandi kvenna“** var bókmenntadagskrá í samstarfi við Góu-gleðihóp Rithöfundasambands Íslands og Hagþenkiskonur. Kynntar nýútkomnar bækur með upplestrum, myndasýningum og ýmis konar uppákomum.
- **Rit í tilefni 25 ára afmæli Gerðubergs** kemur út í árslok 2008, en að því hefur verið unnið undanfarin tvö ár. Þar er stiklað á stóru í sögu Gerðubergs.

Minjasafn Reykjavíkur

Landnámssýningin Reykjavík 871 +/-2

- **Vefsetrið** www.reykjavik871.is tengt Landnámssýningunni Reykjavík 871 ± 2 var sett upp. Þar má finna margskonar upplýsingar varðandi landnám Íslands, landnámsmenn, landkosti í Reykjavík og margt fleira.
- **Fornleifar í miðbæ Reykjavíkur** var fyrirlestraröð þar fjallað var um fornleifar í miðbæ Reykjavíkur.
- Hljóðvísar voru unnir sem leiðsögn um landnámssýninguna á átta tungumálum; íslensku, ensku, frönsku, norsku, pólsku, spænsku og þýsku.
- **Landnám fyrr og nú** er fræðsla um lífið á Landnámsöld, sem ætlað er erlendu fólki sem býr á Íslandi. Gerður var samstarfssamningur við Alþjóðahúsið um þessa fræðsludagskrá í tengslum við Landnámssýninguna.

Árbæjarsafn

- **Endurgerð Landakots og leiksvæðis** við húsið var lokið.
- **Komdu að leika.** Sýning um leiki og leikföng barna í Reykjavík á 20. öld var opnuð í Landakoti /ÍR húsinu. Varpað er ljósi á fjölbreytileika og þróun leikfanga og hvernig leikir endurspegla samfélagið á hverjum tíma.
- **Í húsi Krists og kappleikja** er sýning sem opnuð var í Landakoti. Þar er saga hússins rakin, en það var byggt sem kirkja kaþólska safnaðarins í Reykjavík árið 1897 og hýsti síðar starfsemi ÍR við Túngötu.
- Á sýningunni **Faldbúningurinn fyrr og nú** voru sýndir gamlir búningar sem fengnir hafa verið að láni frá Þjóðminjasafni Íslands og er sýningin afrakstur rannsóknarvinnu hópsins Faldafeykis, sem starfar innan Heimilisiðnaðarfélags Íslands.
- **Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa.** Frá vordögum 2008 hafa sérfræðingar frá Minjasafni Reykjavíkur og Húsafríðunarnefndarkitektar veitt ráðgjöf alla miðvikudaga frá kl. 16-18.
- **Kvöldgöngur úr Kvosinni** Minjasafnið tók þátt í sögugöngum menningarstofnana borgarinnar og leiddi göngur um fornleifar í kvosinni og sögu Aðalsstrætis.

Minjavarsla

- **Fornleifauppgröftur** fór fram á lóðinni Austurstræti 22 þar sem rannsakaðar voru minjar frá 19.-21. öld.
- **Húsakannanir.** Unnið var að húsarannsóknnum á Freyjugötu, Grímsstaðaholti, ofanverðri Landakotshæð og á Urðarstíg.

Viðey

- Átak var unnið í að **laga merkingar** í eygni og **hreinsa fjörur**.
- Hafin **endurnýjun á húsbúnaði í Viðeyjarstofu** í tilefni 20 ára afmælis endurreisnar hennar.
- **Karöflurækt**, hófst aftur í einum elsta karöflugarði Reykvíkinga í Viðey og almenningi boðið til uppskeruhátíðar að hausti og gestir fengu að taka upp Viðeyjarkartöflur.
- **Lygasöguganga**, þar sem sögu eyjunnar var snúið á ýmsa vegu sló í gegn og sett var þátttökumet í þriðjudagsgöngu.
- **Friðartónleikar** haldnir í Viðeyjarstofu í tenglum við Friðarsúlu Yoko Ono - IMAGINE PEACE TOWER.
- **Friður og fjölmennig - listasmiðja fyrir fjölskyldur og börn** í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur og Borgarbókasafn Reykjavíkur.